

Dómari máls þessa tók í upphafi við máli þessu í október 1979 og þingfesti málið.

Dómari fór skömmu síðar, eða í desember, í ársleyfi og var á þeim tíma ekki með mál þetta, en hinn 21. janúar sl. tók dómari við máli þessu að nýju.

Mál þetta hefur síðan einkum dregist vegna þess, hve erfiðlega hefur tekist að ná til vitna, og anna dómara vegna annarra starfa.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Björn Ásgeirsson, fæddur 22. júní 1957, sæti fangelsi í 7 mánuði. Til frádráttar refsingu þessari komi sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 1. júní—28. júní 1979.

Ákærði greiði Brunabótafélagi Íslands í skaðabætur grk. 302.340.240.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. laun til verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, og kr. 4.500.00 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 254/1981. Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Páli Sverrissyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

og Runólfi Þór Jónssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddson og Magnús P. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærðu með stefnu 9. apríl 1981. Í héraðsdómi var dæmt um ákæru á hendur þremur sökunautum, en einn þeirra undi málalokum, og er málinu eigi áfrýjað að því er hann varðar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 26. apríl 1982.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sakfellingu samkvæmt einstökum ákæruliðum að því marki sem honum er áfrýjað. Þá er krafist staðfestingar héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað. Þess er krafist, að refsing beggja hinna ákærðu verði þyngd.

Verjandi ákærða Sigurðar Páls Sverrissonar krefst þess, að brot ákærða verði einvörðungu talin varða við lög nr. 65/1974. Þá verði honum dæmd vægasta refsing, er lög leyfa.

Verjandi ákærða Runólfs Þórs Jónssonar krefst þess, að ákærði verði sýknaður af refsikröfu vegna brots, er greinir í 6. tölulið III. kafla í ákæuskjali, en önnur brot hans verði einungis talin varða við lög nr. 65/1974, og að ákærða verði dæmd vægasta refsing, er lög heimila.

Ákæruefnum er lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarmat.

Brot ákærðu beggja fela í sér samfellda brotahrinu, sem efnislega á undir þau ákvæði laga nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, sem til er vitnað í ákæruskjali. Ber að refsa þeim fyrir þau samkvæmt 173. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 65/1974, sbr. og 20. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar brot ákærða Runólfs Þórs, það er greinir í III. kafla, 6. tölulið, ákæru. Brot ákærða Sigurðar Páls, sem um getur í I. kafla, 3. tölulið, varðar þó einungis við lög nr. 65/1974, 2., sbr. 5. og 6. gr., sbr. og reglugerð nr. 390/1974, 2. og 10. gr. Ber nú að dæma honum refsingu vegna þessa brots samkvæmt lögum nr. 60/1980, en þó verður ekki beitt þyngri viðurlögum en felast í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsingu beggja hinna ákærðu ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sammæltust sín á milli og við aðra nafngreinda menn um brot sín. Brot þeirra tóku yfir nokkurt tímabil og

eru umfangsmikil, einkum brot ákærða Sigurðar Páls, sem telja verður frumkvöðul að þeim brotum, er þeir ákærðu sammæltust um að fremja, svo og að öðrum brotum, þar sem reyndi á saknæma háttsemi annarra manna. Hér var bæði um innflutning allmikils magns af hassefnum að ræða og dreifingu gegn háu fégjaldi. Refsingu beggja hinna ákærðu ber að dæma með vísan til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þau eru unnin í hagnaðarskyni, og þykir rétt að beita fésekt til viðbótar fangelsisvist, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. og 5. gr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en brot ákærða Sigurðar Páls eru öll framin fyrir árslok 1976 og brot ákærða Runólfs Þórs að mestu. Þykir refsing ákærða Sigurðar Páls hæfilega ákveðin 14 mánaða fangelsi og 6.500.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 40 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærða Runólfs Þórs er hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi og 5.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað hennar 30 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Gæsluvarðhaldsvist beggja hinna ákærðu komi refsivist þeirra til frádráttar, 26 dagar að því er varðar ákærða Sigurð Pál og 15 dagar að því er tekur til ákærða Runólfs Þórs.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærðu varðar. Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, annan en málsvarnarlaun til verjenda fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknaraun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, en ákærðu greiði hvor um sig verjenda sínum fyrir Hæstarétti 4.500.00 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að mikill dráttur hefur orðið á rekstri málsins í héraði, en þó eigi í höndum þess dómara, er kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

D ó m s o r ð :

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson sæti 14 mánaða fangelsi og 6.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og ákærði Run-

ólfur Þór Jónsson sæti 9 mánaða fangelsi og 5.000.00 króna sekt í ríkissjóð. Fésektina afpláni hinn fyrrnefndi 40 daga fangelsi og hinn síðarnefndi 30 daga fangelsi, ef sekt verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Gæsluvarðhaldsvist beggja hinna ákærðu komi refsivist til frádráttar, 26 dagar að því er varðar hinn fyrrnefnda og 15 dagar að því er tekur til hins síðarnefnda.

Ákvæði dómsins um eignarupptöku staðfestast.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera öröskuð að því leyti sem málinu er áfrýjað.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun málsins, annan en málsvarnarlaun til verjenda fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur.

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, 4.500.00 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Runólfur Þór Jónsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. nóvember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 10. nóvember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 506/1978: Ákærvaldið gegn Sigurði Páli Sverrissyni, Halldóri Snorra Bragасыni og Runólfi Þór Jónssyni.

Málið, sem munnlega var flutt og dómtekið 5. nóvember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni 26. júní 1978, á hendur:

1) Sigurði Páli Sverrissyni, Stigahlíð 32, Reykjavík, fæddum þar í borg 22. nóvember 1952,

2) Halldóri Snorra Bragasyni, Hjálmholti 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. nóvember 1956, og

3) Runólfi Þór Jónssyni, Hjarðarhaga 54, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. apríl 1956, fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fikniefni „með því m. a. að hafa á árinu 1976 ýmist í skipulagðri samvinnu hver við annan eða hver um sig í samvinnu við aðra keypt verulegt magn hassefna erlendis, flutt slík efni hingað til lands og selt þau hérlendis mörgum mönnum með drjúgum hagnaði og að jafnaði neytt nokkurs hluta þeirra efna, er þeir hverju sinni höfðu með höndum, svo sem nánar verður rakið.

I. Ákærði Sigurður Páll Sverrisson.

1. Í apríl 1976 keypt samtals 750 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12—14 krónur danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti samtals allt að 500 gr af efninu tilteknum kunningjum sínum, sem seldu það fyrir ákærða á 4.5—5 bandaríkjadali hvert gramm. Ákærði seldi sjálfur nokkrum aðilum í Reykjavík samtals allt að 85 gr, ýmist á kr. 1.000 eða 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti ákærði sjálfur af efninu og gaf af því.

2. Í maí 1976 keypt rúm 800 gr af hassi fyrir um 10.500 dansk- ar krónur í Kaupmannahöfn og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals um 200—300 gr, oftast á um kr. 1.200 hvert gramm. Með aðstoð með- ákærðu Runólfs Þórs Jónssonar og Halldórs Snorra Bragasonar seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 300—400 gr af efninu í nágrenni Keflavíkurflugvallar á 7 bandaríkjadali hvert gramm, og komu 6 dalir fyrir hvert gramm í hlut ákærða. Ákærði seldi nefndum Runólfi Þór og Halldóri Snorra 100—200 gr af efni þessu á um kr. 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti hann nokkurs magns af því sjálfur.

3. Í maí/júní 1976 keypt 15 gr af hassi af Birni Bótólfi Guðmundssyni að Laugavegi 71 í Reykjavík á kr. 1.400 hvert gramm og síðan neytt efnisins sjálfur.

4. Í júní/júlí 1976 keypt um 730 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals allt að 70 gr af efninu, neytti sjálfur hluta þess (um 140—150 gr) og afhenti meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals allt að 500 gr, sem þeir seldu síðan að mestu leyti á 5.5—6 bandaríkjadali hvert gramm, en samkomulag var

með ákærðu um, að Runólfur Þór og Halldór Snorri fengju sameiginlega 1 dal fyrir selt gramm.

5. Í júlí/ágúst 1976 keypt rúm 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Egilsstaða og síðan til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals um 300 gr af efninu á um kr. 1.000 hvert gramm, ákærði seldi ýmsum aðilum samtals 30—40 gr og neytti sjálfur a. m. k. 70—100 gr. Ásamt nefndum Runólfi Þór seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni 400 gr af þessu efni í Keflavík á 6.5 eða 7 bandaríkjadali hvert gramm.

6. Um miðjan ágúst 1976 keypt 700—800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 11—12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið til Álaborgar, þar sem ákærði afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni meginhluta efnisins til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi. Ákærði hélt eftir um 30 gr af hassinu og flutti það til Randers á Jótlandi, þar sem hann seldi dönskum kunningjum sínum 25 gr af efninu á 15 kr. danskar hvert gramm. Meðákærði Runólfur Þór Jónsson seldi síðan meginhluta efnisins hér á landi, og móttók ákærði söluandvirðið (um kr. 400.000 eða 600.000) úr höndum nefnds Runólfs Þórs í Kaupmannahöfn í seinni hluta ágústs.

7. Um mánaðamót ágúst/september 1976 keypti meðákærði Runólfur Þór Jónsson 800—1000 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir söluandvirði hassefnisins, sem um ræðir í 6. lið hér að framan, og tók ákærði við þessu efni hjá nefndum Runólfi Þór í Kaupmannahöfn og flutti það til Álaborgar, þar sem hann afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni efnið til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi, en um 30 gr af efninu hélt ákærði eftir og flutti til Randers og seldi þar sem fyrr. Meginhluta efnisins seldi nefndur Runólfur Þór síðan hér á landi, og í fyrri hluta september móttók ákærði megnið af söluandvirðinu, um 1.000 bandaríkjadali og kr. 300.000, í Kaupmannahöfn frá nefndum Runólfi Þór.

8. Í september 1976 keypt samtals 1250 gr af hassi í Amsterdam fyrir um 3.000 gyllini, flutt efnið til Rotterdam og þar um 20. september afhent meðákærða Halldóri Snorra hassið til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi. Um mánaðamót september/október tekið við framangreindu hassi í Reykjavík úr höndum nefnds Halldórs Snorra og þá um leið tekið við 100 eða 140 gr af hassi í söluskyni fyrir Halldór Snorra. Selt nafngreindum

varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 1100 gr af efnum þessum í Keflavík á 6—7 bandaríkjadali hvert gramm og neytt sjálfur um 200 gr ásamt ónefndum kunningjum sínum.

9. Í október/nóvember 1976 ásamt Snorra Guðmundssyni keypt 800—1000 gr af hassi í Kaupmannahöfn á kr. 9.50 danskar hvert gramm, og flutti nefndur Snorri allt efnið til Reykjavíkur, þar sem ákærði móttók sinn hluta efnisins, um 360 gr eða 500 gr, og auk þess kr. 40.000, sem var söluandvirði hassefnisins, sem Snorri hafði þá þegar selt af efnishluta ákærða. Ákærði seldi nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli um 200 gr af hassinu á 6 bandaríkjadali hvert gramm og ónafngreindum manni við Ránargötu í Reykjavík 60—80 gr á kr. 1.200—1.300 hvert gramm, en eftirstöðvar efnisins hafði ákærði til eigin neyslu.

10. Í nóvember 1976 keypt 100—140 gr af hassi af Snorra Guðmundssyni í Kópavogi á 6 bandaríkjadali hvert gramm, selt Guðmundi Einarssyni um 60 gr af efni þessu á um kr. 1.300 hvert gramm og neytt afgangins sjálfur.

11. Í nóvember/desember 1976 í Reykjavík keypt 100 gr af hassi af meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni á kr. 1.200 hvert gr, selt ótilgreindum manni í Reykjavík 50—60 gr af efninu á kr. 1.300 hvert gramm og síðan neytt eftirstöðvanna að mestu leyti sjálfur.

II. Ákærði Halldór Snorri Bragason.

1. Á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Runólfi Þór Jónssyni annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrisson, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. liði I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. í nokkur skipti að selja slík efni varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli, en ákærði taldist þá jafnan eiga hluta söluandvirðisins eða þáði hassefni til neyslu frá nefndum Sigurði Páli fyrir vikið, og ennfremur um þetta leyti með því að kaupa sjálfur hass af nefndum Sigurði Páli og ýmist selja þá efnisskammta ótilgreindum mönnum í Reykjavík, t. d. á Billiardsstofunni, Klapparstíg 26, eða hafa þá til eigin nota.

2. Fyrir utanför sína í apríl 1976 tekið við um 1.000 bandaríkjadölum hjá Franklín Kristni Steiner til hasskaupa og um mánaðamót apríl/mái keypt um 700 gr af hassi í Rotterdam fyrir alls um 1.700 gyllini og afhent Kristjáni Róbert Walsh um 570 gr af efninu þar í borginni til flutnings til Íslands, en ákærði hélt

eftir rúmum 100 gr, sem hann neytti sjálfur að hluta og seldi að hluta ótilgreindu fólki í Kaupmannahöfn. Skömmu síðar eftir komu hingað til lands tekið við efninu úr höndum nefnds Kristjáns Róberts um borð í m/s Tungufossi og í Reykjavík afhent nefndum Franklín Kristni 200 eða 250 gr af efninu, greitt nefndum Kristjáni Róbert allt að 100 gr fyrir innflutning efnisins og haldið sjálfur eftir afganginum til eigin nota.

3. Um miðjan ágúst 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 6 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem ákærði var þá skipverji á, og í síðari hluta ágúst afhent meðákærða Runólfi Þór Jónssyni efnið á Akranesi eða í Reykjavík.

4. Um mánaðamót ágúst/september 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 7 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með m/s Skógafossi til Akraness og þaðan með m/s Akraborg til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti svo efnið meðákærða Runólfi Þór Jónssyni.

5. Í seinni hluta september 1976 í Rotterdam tekið við hassefni því, sem um ræðir í lið I, 8 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar og einnig um 1500 grömmum af hassi úr höndum Kristjáns Róberts Walsh. Flutt efni þessi með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem kom um 25. september til Reykjavíkur, og skömmu síðar þar í borg afhent nefndum Sigurði Páli samtals um 1300 gr af hassi. Hinn 30. september að Mávahlíð 16 afhent Eiríki Rafni Magnússyni a. m. k. 1100 gr af hassefninu frá nefndum Kristjáni Róbert, en ákærði hafði þá þegið 250 gr af því efni sem greiðslu fyrir flutning þess hingað til lands.

6. Hinn 11. október 1976 í Rotterdam mótttekið samtals 6.250 gyllini af Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Runólfi Þór Jónssyni til hasskaupa og sama dag keypt rúm 2 kg af hassi þar í borginni fyrir 6.000 gyllini. Flutt efnið með m/s Skógafossi til Íslands með viðkomu í Gautaborg, þar sem ákærði seldi tveimur sænskum piltum 30—40 gr af efninu 15. október fyrir 500 sænskar krónur. Um mánaðamót október/nóvember flutt hassið frá Straumsvíkurhöfn heim til sín, tekið þar 300 gr í sinn hlut fyrir innflutning efnisins og afhent Eiríki Rafni Magnússyni afganginn, um 1700 gr, að Mávahlíð 16 í Reykjavík. Gefið nefndum Runólfi Þór 100 gr af sínum hluta efnisins og í byrjun nóvember á Kefla-

víkurflugvelli selt nafngreindum varnarliðsmanni 132 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

7. Í nóvember/desember 1976 í Reykjavík selt meðákærða Sigurði Páli Sverrissyni 100 gr af hassi á kr. 1.200 hvert gramm.

III. Ákærði Runólfur Þór Jónsson.

1. Á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Halldóri Snorra Bragasynt annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrissón, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. lið I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. margsinnis að selja slík efni nafngreindum varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli og ýmsum aðilum í Reykjavík, einkum á Billiardsstofunni, Klapparstíg 26, og taldist ákærði þá oftast nær eiga hluta söluandvirðisins eða báði hass til eigin nota eða annan viðurgerning af nefndum Sigurði Páli fyrir vikið.

2. Í seinni hluta ágúst 1976 tekið við því hassefni, sem um ræðir í liðum I, 6 og II, 3 hér að framan, úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar á Akranesi eða í Reykjavík og selt meginhluta þess efnis nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli, hvert gramm á jafnvirði kr. 1.000—1.200, sem að hluta var greitt í bandaríkjadöllum, og fóru kaupin fram í nokkur skipti, ýmist við Fitjanesti í Njarðvík eða Aðalstöðina í Keflavík, og hélt ákærði síðan með söluandvirðið til meðákærða Sigurðar Páls Sverrissónar í Kaupmannahöfn til kaupa á fíkniefnum.

3. Um mánaðamót ágúst/september 1976 keypt 800—1000 gr af hassi í Kaupmannahöfn á um 10 krónur danskar hvert gramm og þar í borginni afhent meðákærða Sigurði Páli Sverrissyni efnið, sbr. lið I, 7 hér að framan. Í fyrri hluta september í Reykjavík tekið við ofangreindu hassi úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar, sbr. II, 4 hér að framan, og selt þremur varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli samtals um 700 gr af efninu á kr. 1.000—1.200 eða 6 bandaríkjadali hvert gramm og síðan komið meginhluta söluandvirðisins til nefnds Sigurðar Páls í Kaupmannahöfn til frekari fíkniefnakaupa.

4. Í október 1976 flutt um 4.000 bandaríkjadali fyrir Eirík Rafn Magnússon frá Reykjavík til Rotterdam, þar sem nota átti féð til hasskaupa, og um 10. október þar í borginni afhent Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Halldóri Snorra Bragasynt megnið af peningunum, en fyrir þá voru síðan keypt rúm 2 kg af hassi og flutt til Íslands, sbr. II, 6 hér að framan. Skömmu

eftir mánaðamót október/nóvember á Skólavörðuholti í Reykjavík selt Sigurði Berndsen 500 gr af ofangreindu efni fyrir nefnda Eirík Rafn og Kristján Róbert á 5.5 bandaríkjadali hvert gramm, og skilaði ákærði söluandvirðinu til þeirra utan 350 dali, sem ákærði hélt eftir. Þegið að gjöf allt að 100 gr af ofangreindu efni af nefndum Halldóri Snorra, sbr. II, 6 hér að framan, og keypt 150 gr af efninu af nefndum Kristjáni Róbert á kr. 900 hvert gramm.

5. Í nóvember eða byrjun desember 1976 keypt rúmlega 1 kg af hassi í Rotterdam fyrir Snorra Guðmundsson á rúm 2 gyllini hvert gramm og þar í borg afhent efnið nefndum Snorra, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna.

6. Í apríl 1977 ásamt Gunnari Rafni Erlingssyni og Auði Elísabet Guðmundsdóttur undirbúið þá fyrirhugaða utanför nefndrar Auðar Elísabetar gagngert til kaupa á hassi með því að leggja á ráðin um framkvæmd einstakra þátta innkaupafararinnar og taka við því fé, sem nota átti til kaupanna, samtals um kr. 260.000,- í eigu nefnds Gunnars Rafns og Auðar Elísabetar, og ásamt Gunnari Rafni fengið því skipt í íslenska eitthundraðkrónuseðla í nokkrum bönkum í Reykjavík föstudaginn 22. apríl, en í þessa för hugðist nefnd Auður Elísabet þá halda innan fárra daga (sunnudaginn 24. apríl), kaupa 500—700 gr af hassi fyrir ofangreinda fjárhæð í Kristíaníu í Kaupmannahöfn og flytja það til Reykjavíkur, þar sem ákærði hugðist selja meginhluta efnisins með hagnaði ótilteknum mönnum, m. a. á Billiardsstofunni, Klapparstíg 26, og fá hluta væntanlegs söluandvirðis í sinn hlut fyrir, en lögreglan lagði hald á ofangreinda peninga 23. apríl á heimili nefndrar Auðar Elísabetar að Drápuhlíð 28 í Reykjavík.“

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Framangreind brot ákærðu teljast varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, svo og við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaganna að því er tekur til þeirra brota, er ákærðu frömdu erlendis, sbr. og 20. gr. hegningarlaganna, að því er varðar brot ákærða Runólfs Þórs í lið III, 6. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Sigurður Páll sæti auk þess upptöku á 3 hassreykjarpípum, sem

hald var lagt á, samkvæmt 69. gr. hegningarlaganna og 5. gr. i. f. laga um ávana- og fíkniefni.“

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 22. nóvember 1952. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1971 17/7 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 8/4 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 1 ár frá 8/4 1974.
- 1977 11/3 þingréttur, Málmey: Vísað úr landi fyrir tilraun til smygls.
- 1978 12/6 í Reykjavík: Sátt, 330.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.
- 1978 6/7 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 78. gr. hegningarlaga.

Ákærði Halldór Snorri Bragason er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 6. nóvember 1956. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1972 í Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13-0-1972 (sic).
- 1976 19/2 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 60., sbr. 61. gr. laga 59/1969.
- 1976 3/3 í Reykjavík: Ávana og fíkn. Sátt, 105.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 2. gr. hegningarlaga.
- 1976 29/6 í Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 1 mán. frá 29/6 1976.
- 1977 22/2 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, skilorðsbundið í 3 ár.
- 1977 24/10 í Reykjavík: Sátt, 130.000 kr sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr.

reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

1978 31/5 í Reykjavík: Dómur: 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1978.

Ákærði Runólfur Þór Jónsson er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 13. apríl 1956. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1971 í Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/8 1971.

1974 26/2 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 26. og 53. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 20/8 1973.

1976 26/5 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 11.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

1978 3/1 í Reykjavík: Dómur: 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 3/1 1978.

1978 25/4 í Reykjavík: Sátt, 480.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga.

1979 2/5 í Reykjavík: Dómur: 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 2/5 1979.

MÁLSATVIK.

Rannsókn sakaratriða fór einkum fram á þremur tímabilum. Í fyrsta lagi í rannsókn kenndri við Helga Aðalsteinsson og Jónas Ómar Snorrason, er fram fór einkum síðari hluta árs 1976 og fyrri hluta árs 1977, í öðru lagi í rannsókn kenndri við Eggert Sigurðsson o. fl., er fór fram í apríl 1977, og loks í rannsókn kenndri við Sigurð Pál Sverrisson í júní 1977. Í þágu síðastnefndrar rannsóknar sættu ákærðu Sigurður Páll og Runólfur Þór gæsluvarðhaldi, Sigurður Páll frá 4. júní til 30. júní, en Runólfur Þór frá 14. júní til 28. júní sama ár.

Við rannsókn málsins var lagt hald á þrjár hassreykjarpípur, er fundust í farangri ákærða Sigurðar Páls eftir handtöku 3. júní 1976.

Hér á eftir verður vikið að sakarefni í þeirri röð, sem í ákæru greinir.

I. Ákærði Sigurður Páll Sverrisson.

1. Ákæruliður.

Ákærði Sigurð Páll lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi í lögregluýfirheyrslu 19. júní 1977 og hér í dómi 29. sama mánaðar.

Í nefndu þinghaldi skýrði ákærði Sigurður Páll svo frá, að hann hefði hafið störf hjá innréttingafyrirtæki í Kaupmannahöfn haustið 1975. Hafi hann kynnst nafngreindum pilti dönskum, er lánað hafi sér danskar kr. 12.000 til kaupa á veitingastofu í Kaupmannahöfn og átt að endurgreiða lánið með dönskum kr. 28.000 þremur mánuðum eftir að rekstur veitingastofunnar hæfist. Nefnd kaup hafi síðan farið út um þúfur og hann þá leiðst út í innflutning fíkniefna til Íslands til þess að afla fjár til að endurgreiða lánið.

Í þessu skyni kvaðst ákærði Sigurður Páll í apríl 1976 hafa keypt 500 gr af svörtu Afghanistanhassi og um 250 gr af ljósu Libanonhassi í Kaupmannahöfn. Hafi hann greitt danskar kr. 14 fyrir hvert gramm af fyrrnefnda hassinu, en danskar kr. 12 fyrir hvert gramm af því síðastnefnda. Sigurður Páll kvaðst hafa flutt ofangreind efni með sér hingað til lands flugleiðis, en haft viðkomu í Færeyjum, þar sem flug þaðan væri til Reykjavíkur og hann þannig losnað við tollskoðun á Keflavíkurflugvelli.

Eftir komu til Reykjavíkur kvaðst ákærði Sigurður Páll hafa hafið sölu á ofangreindum efnum og ráðstafað sem hér segir:

1) Ólafur Haraldsson hafi keypt 350 gr af svarta hassinu og 150 gr af því ljósa, það fyrrnefnda á 5 bandaríkjadali hvert gramm, en hitt á 4.5 dali.

2) Alfreð Hilmarsson hafi keypt um 15+20 gr af blönduðu efni.

3) Ónefndur kennari í vesturbæ sama magn á kr. 1.000 og 1.200 hvert gramm.

4) Þá hafi Jakob Fenger þegið að gjöf 10—15 gr.

Að ofangreindri sölu lokinni kvaðst ákærði Sigurður Páll hafa haldið með handbært fé til Kaupmannahafnar.

Ofangreindur Ólafur Haraldsson, er af gögnum má ráða, að búsettur var að Álftramýri 40, Reykjavík, fæddur 15. mars 1955, hefur ekki verið yfirheyrður vegna máls þessa, en hann mun fluttur búferlum til Svíþjóðar fyrir nokkrum árum.

Ofangreindur Alfreð Hilmarsson, fæddum 27. apríl 1955, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 30. júní 1977 og hér í dómi 10. nóvember 1978 og staðfesti að hafa í apríl 1976 af ákærða Sigurði Páli keypt 20 + 25 gr af hassi á kr. 1.200 hvert gramm.

Einar Einarsson, fæddur 20. ágúst 1951, kennari að atvinnu, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 26. júlí 1978 og hér í dómi 8. janúar 1979 og staðfesti þá að hafa um páskalettið árið 1976 af ákærða Sigurði Páli keypt 30 gr af hassi.

2. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi 29. júní 1977 för sinni til Kaupmannahafnar í maí 1976 með eftirstöðvar söluandvirðis efna úr lið 1 hér að ofan. Hafi hann þar keypt 800 gr af tvenns konar hassefnum á svipuðu einingaverði og áður og flutt efni hingað til lands flugleiðis um Færeyjar til Reykjavíkur eftir vikudvöl í Kaupmannahöfn. Í nefndu þinghaldi lýsti ákærði Sigurður Páll ráðstöfun ofangreindra efna og kvaðst hafa afhent efni sem hér segir:

- „1) Birgi Bótólfi 120 gr. af Líb. á 1200.-.
- 2) Alfreð vini Agnars ca 50 grömm.
- 3) Kennara úr vesturbæ, nánar Framnesvegi, tæplega 30 grömm.
- 4) Jakob Fenger 15—20 grömm auk þess sem mætti gaf honum.
- 5) Mætti segir Runólf Þór Jónsson hafa komið að máli við sig og falast eftir efni. Mætti kveðst í fyrstu hafa neitað að vera með efni. Síðar kveðst mætti hafa fallist á boð Runólfs um að láta hann hafa efni, ef mætti fengi 6 \$ pr gramm. Mætti kveðst hafa farið með Runólfi og Elíasi Hauki á Keflavíkurflugvöll, og þar seldu þeir kana, sem heitir Slim, 100 gr af Afghan á 7 \$ grammíð, og fékk mætti 6 \$, en Runólfur og Elías sín hvor 50 centin. Mætti segir efni hafa verið afhent við sn. Grjótahlið. Segir mætti feitlaginn svarthærðan kana hafa verið með Slim, en Slim var hér með gleraugu, grannur með stutt skollitað hár. Mætti segir Runólf hafa verið á bílaleigubíl, og kveðst mætti hafa tekið einhvern þátt í að borga hann.

6) Síðar kveðst mætti hafa flutt á Bergstaðastræti til Gunnhildar Emilsdóttur, og þaðan kveðst mætti aftur hafa farið á flugvöll. Þá keyrt einn í bíl, en þeir Runólfur og Elías farið á undan í rútu til að ná sambandi við Slim. Síðar kveðst mætti hafa tekið þá Runólf og Elías upp í bílinn og þeir allir haldið í

sandnámur eða steypustöð utan vallar, og þangað komu Slim og sá feiti. Mætti segir Runna hafa selt 200—300 grömm og þá aðallega Líbanon. Mætti kveðst sem fyrr hafa fengið 6 \$ pr. gramm út úr þessu, en þeir hinir saman 1 \$.

7) Mætti kveðst hafa reykt tugi gramma sjálfur, en kveðst að lokum hafa selt Runólfi og Halldóri Snorra Bragasyni saman 100—200 grömm efnis, eða allt, sem eftir var, í smáum skömmtum fyrir 1.200 kr. gr. Mætti segir þá alltaf hafa komið saman, en ýmist hvort þeir staðgreiddu eða fengu lánað.“

Ákærði Sigurður Páll kvaðst hafa haldið með söluandvirði ofangreindra efna til Kaupmannahafnar og þar greitt danskar kr. 6.000 inn á fyrrnefnda skuld við danskan kunningja sinn.

Eftirtaldir aðiljar hafa gengist við móttöku ofangreindra efna frá ákærða Sigurði Páli:

1) Birgir Bótólfur Guðmundsson, fæddur 17. október 1954, viðurkenndi í lögregluyfirheyrslu 30. júní 1977 að hafa í maí 1976 keypt 30—40 gr af hassi.

2) Varðandi viðskipti ákærða Sigurðar Páls við Alfreð Hilmarsson þá vísast til framburðar nefnds Alfreðs, sem rakinn var í atvikalýsingu varðandi næsta ákærulið hér að ofan.

3) Einar Einarsson, fæddur 20. ágúst 1954, bar hér í dómi 3. janúar 1979 að hafa haft milligöngu um sölu ákærða Sigurðar Páls á hassefnum, magn ótilgreint.

4) Jakob Fenger, fæddur 24. febrúar 1952, bar hér í dómi 6. október 1977 að hafa um mitt ár 1976 frá ákærða Sigurði Páli begið um 10 gr af hassi.

Ákærði Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956, var yfirheyrður hér í dómi 28. júní 1977 og þá eftir honum bókað eftirfarandi um ofangreint:

„Aðspurður kveðst mætti kannast við undirskriftir sínar á dskj. 10 og skjalið sig varðandi. Mætti kveðst réttilega hafa gert grein fyrir fíkniefnameðhöndlun sinni og skýrir sjálfstætt svo frá að hafa í marz/apríl í fyrra hitt Sigurð Pál Sverrisson, sem hafði komið með hass hingað til lands. Mætti segir Sigurð á þessum tíma hafa búið í herbergi á Miklubraut 72. Mætti segist hafa verið atvinnulaus á þessum tíma og svo hafi einnig verið með Halldór Snorra Bragason, vin mætta. Mætti segir þá báða hafa tekið við töluverðu af efni frá Sigurði og útvegað ýmsum aðilum. Hins vegar hafi Sigurður verið búinn að ráðstafa sjálfur

töluverðu af efni því, sem hann hafði komið með og var af Líbanontegund. Mætti segir þá Dóra hafa fengið efnið á 1.000—1.200 kr. grammíð og útvegað ýmsum aðilum, aðallega á billjard á Klapparstíg með um 200 kr. álagningu á hvert gramm að meðaltali. Mætti segir þá Dóra hafa verið þar öllum stundum og milliganga hafi einkum átt sér stað fyrir aðila, sem þann stað stunduðu.

Mætti kveðst ekki geta sagt nákvæmlega til um það magn, sem fór þannig í gegnum hendur þeirra, enda hafi afhendingar verið mjög margar, en allar smáar. Þó kveðst mætti treysta sér til að segja, að það hafi verið á bilinu 200—300 grömm.

Sérstaklega aðspurður um sölu til varnarliðsmanna kveðst mætti nokkurn veginn viss á því að hafa ekki selt neitt af efni þessu á völinn, en þó ekki þora að þvertaka alveg fyrir það.

Að sölu lokinni segir mætti þá Dóra hafa vitað, að Sigurður ætlaði að koma með meira efni. Mætti segir þá Dóra hafa farið upp á Keflavíkurflugvöll til að reyna að ná sambandi við kana, sem vildu kaupa hass fyrir gjaldeyri. Þetta hafi þeir gert til að geta boðið Sigurði að selja efni, er hann kæmi með það. Að athuguðu máli kveðst mætti nokkurn veginn viss, að þetta hafi átt sér stað, meðan Sigurður var úti, en í samræmi við það, sem að framman sagði, sé ekki útilokað, að þetta hafi getað verið meðan þeir voru að dreifa úr fyrstu ferð Sigurðar. Mætti segir þá Dóra hafa komist í samband við kana, sem kallaður var Slim og var hár, skolhærður, grannvaxinn með glaraugu og bjó á neðsu hæð í blokk við marineblokkina.

Úr næstu ferð segir mætti Sigurð hafa komið með 700—800 grömm af Líbanonhassi, tvær tegundir, og 30—40 grömm af svörtu stuði. Mætti segir Sigurð hafa haft samband við sig, er hann var kominn til landsins, og segir mætti þá Dóra hafa hringt í Slim. Eftir þetta segir mætti þá hafa farið nokkrum sinnum og haft samband við Slim, ýmist við Fitjanesti eða Aðalbílastöðina, en alltaf utan vallar. Mætti segir Sigurð oft hafa farið með, en mætti segir þá hafa verið á bílaleigubílum, sem teknir voru á bílaleigu Loftleiða. Mætti segir hverja afhendingu til Slim hafa verið 100—200 grömm og hafi hann fengið megnið af efninu fyrir 5.5 eða 6.0 \$ pr. gramm. Mætti segir um það hafa verið rétt, að þeir Dóri fengu samtals 1 \$ fyrir hvert selt gramm, en endanlegt uppgjör hafi ekki farið fram, enda ákveðið að nota fé til kaupa á meira efni. Þó segir mætti þá Dóra hafa fengið e-ð af peningum, en verið með Sigurði öllum stundum og sukkað með

honum. Mætti segir Sigurð hafa borgað bílaleigubíla. Aðspurður um fleiri varnarliða segir mætti þá oft hafa verið nokkra saman, og kveðst mætti muna eftir einum, sem heiti Bill og sé kynblendingur. Mætti segir aðspurður, til tímaviðmiðunar, að 17. júní hafi verið á þeim tíma, er verið var að dreifa úr framangreindri ferð.“

Ákærði Halldór Snorri Bragason, fæddur 6. nóvember 1956, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 21.—22. júní 1977 og lýsti þá aðild sinni að innflutningi og dreifingu fíkniefna hérlandis í félagi við meðákærðu Sigurð Pál og Runólfi Þór. Halldór Snorri bar efnislega á sama veg og Runólfur Þór, en kvað magn það, er hann ásamt Runólfi Þór og fyrir Sigurð Pál hafi selt tilgreindum varnarliða, hafa sennilega verið 400—500 gr alls og í þremur afhendingum sumarið 1976. Hafi verið um samið, að þeir skiluðu Sigurði Páli sem svaraði 6 bandaríkjadöllum fyrir hvert gramm, en þeir selt á 7 bandaríkjadali og þannig haft hagnað af sölunni. Á ofangreindu tímabili kvaðst ákærði Halldór Snorri ítrekað hafa þegið hass til eigin neyslu hjá Sigurði Páli og af honum keypt allt að 70 gr, er farið hafi til eigin neyslu að hluta, en þess utan selt m. a. á knattborðsstofu við Klapparstíg hér í borg.

Ákærði Halldór Snorri staðfesti ofangreint hér í dómi, en vildi þá ekki fullyrða neitt um efnismagn afhent nefndum varnarliða á Keflavíkurflugvelli, en afhendingar til hans verið 4—5.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að ná til ofangreinds varnarliða vegna máls þessa.

3. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 5. júní 1977 að hafa í maí/júní 1976 keypt 15 gr af tvenns konar hassefnum af Birgi Bótólfi Guðmundssyni að Lauga-vegi 71 í Reykjavík á kr. 1.400 hvert gramm, en síðan haft efnið til eigin neyslu.

Ákærði Sigurður Páll staðfesti ofangreindan framburð sinn hér í dómi 29. júní 1977.

Ofangreindur Birgir Bótólfur Guðmundsson, fæddur 17. október 1954, bar á sama veg og ákærði Sigurður Páll um ofangreint hér í dómi 18. febrúar 1977.

4. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti sakaratriðum í þessum ákærulið hér

í dómi 29. júní 1977. Kvaðst hann eftir miðjan júní 1976 hafa enn haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar með söluandvirði úr síðustu ferð, en þar af, sem áður er rakið, notað sem svaraði dönskum kr. 6.000 til greiðslu upp í skuld. Í Kaupmannahöfn hafi hann dvalið í um tvær vikur og þar keypt 730 gr af rauðu Líbanonhassi á danskar kr. 12 hvert gramm. Kvaðst hann síðan hafa haldið flugleiðis til Reykjavíkur með nokkurra daga viðdvöl í Færeyjum og leynt efnum ofangreindum innan klæða, er hann kom hingað til lands. Hér kvaðst hann hafa selt Braga Bergsteinsyni 10 gr af hassinu, einhverjum tveim piltum 30—40 gr og nokkra tugi gr notað sjálfur, en efni að öðru leyti tekið við til endursölu meðákærðu, Runólfur Þór og Halldór Snorri, og það magn verið „jafnvel um 500 gr“, með sömu skilmálum og fyrr.

Ákærði Runólfur Þór lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 28. júní 1979. Kvað hann ákærða Sigurð Pál úr nefndri ferð hafa komið með 600—700 gr af hassi, er hann ásamt meðákærða Halldóri Snorra hafi að mestu selt til varnarliða á Keflavíkurflugvelli með sömu kjörum og fyrr, nánar Sigurð Pál átt að fá 6 bandaríkjadali fyrir hvert gramm, en þeir Halldór Snorri selt á um 7 dali. Raunin hafi þó orðið sú, að þeir þrír hafi notað af söluandvirði eftir þörfum, en fé þó að mestu farið til næstu hasskaupaferðar.

Framburður ákærða Halldórs Snorra ofangreint varðandi var rakinn við ákærulið 2 hér að ofan, og vísast hér til þess, er þar segir.

Ekki verður séð, að Bragi Bergsteinsson hafi verið yfirheyrður vegna nefndra viðskipta við ákærða Sigurð Pál.

5. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti hér í dómi 29. júní 1977 utanför sinni í síðari hluta júlí 1976 til hasskaupa í Kaupmannahöfn með söluandvirði úr næstu ferð hér á undan.

Í nefndu þinghaldi var um ofangreint bókað eftir ákærða:

„Við brottför kveðst mætti hafa verið með 300—400 þús. í ísl. og e-ð af US \$. Mætti kveðst hafa dvalið um tvær vikur í Höfn og keypt um 800 grömm af Líbanon á 12 kr. gr. Jafnvel kveðst mætti hafa útvegað e-ð af svörtu stuði, sem ætlað var til eigin nota. Mætti kveðst hafa dvalið um eina viku í Færeyjum, haldið þaðan með efnið á sér til Egilsstaða og þaðan á putanum til Norðurlands og þaðan suður. Mætti segist sem áður hafa verið

búinn að skera efnið í ræmur utan eina 250 gramma plötu. Í Rvík. kveðst mætti að mestu hafa búið á Kárastíg hjá Helgu Benediktsd. Mætti kveðst hafa dvalið lengi hér í þetta sinn og rifjar upp, að við brottför hafi hann verið stöðvaður á flugvelli (15. ágúst '76, innskot dómara). Mætti segir, að í ferðinni á undan þessari hafi þeir mætti, Runólfur og Halldór verið búnir að ræða samvinnu á þann veg, að mætti keypti efni, Halldór flytti með Eimskip og Runólfur seldi á völlinn. Mætti segist síðan hafa selt þeim Halldóri og Runna samtals um 300 grömm á 1.000 kr. grammið og þar yfir og hafi þeir tekið allt í smáskömmtum. Aðspurður segir mætti þá Runólf og Halldór hafa reynt sölu á völlinn, en það gengið treglega. Mætti segir Halldóri hafa gengið greiðlega að fá vinnu á Skógafossi, og ætlaði mætti að hitta hann í Álaborg í þessari fyrstu ferð hans með skipinu. Mætti segir svo ekki hafa orðið, þar sem ekki hefði tekist að selja efnið.

Aðspurður segir mætti Slim, sem var farinn af landinu, hafa gefið Runólfi upp nafn Dave Ditz, og kveðst mætti hafa farið með Runólfi til Keflavíkur og hafi e-r kunningi Runólfs keyrt þá. Mætti segir Dave hafa komið samkvæmt símtali og hitt þá við bíó í Keflavík. Mætti segir Dave þennan, sem er þybbinn, frekar lár vexti, 25—30 ára, hafa mótttekið 200 grömm og greitt að hluta, haldið upp á völl og komið síðan aftur þá um kvöldið og tekið 200 grömm og þá greitt að fullu 6.5 eða 7 \$ pr. gramm. Mætti segir Runólf ekki hafa fengið neitt fyrir þetta, heldur hafi verið ákveðið að leggja fé í sameiginlegan sjóð og þannig áttu að ganga 3—4 ferðir með verkaskiptingu þeirri, sem að framan getur. Mætti kveðst hafa haldið til Hafnar 2—3 dögum eftir sölu þessa, og þá var Halldór farinn í sinn annan túr með skipinu. Mætti kveðst hafa hitt Dóra, meðan hann var í landi hér milli túra, og vissi hann þá ekki, hvort hann myndi sigla til Álaborgar eða Rotterdam. Sömdu þeir svo, að ef farið yrði til Rotterdam, þá myndi mætti hitta Dóra vð Evrópumastrið.

Nánar aðspurður um samkomulag þeirra þriggja segist mætti hafa sagt þeim frá skuld sinni við Johnny, þ. e. að est. kr. 22.000. Samkomulag náði til þess að nota fjármagn í 3—4 ferðir, þannig að alltaf yrði keypt meira magn en í ferðinni á undan. Eftir að mætti yrði síðan búinn að greiða skuldina og hagnaður, sem skipt yrði í þrennt, væri að allra mati orðinn nægilegur, ætluðu þeir að hætta.“

Í lögregluýfirheyrslu 5. júní 1977 hafði ákærði Sigurður Páll lýst atvikum ofangreint varðandi mjög á sömu leið, en gat þess

að hafa notað um 70 gr til eigin neyslu, en 30—40 gr selt ýmsum aðiljum í Reykjavík.

Ákærði Runólfur Þór lýsti í lögregluýfirheyrslu 22. júní 1977 atvikum varðandi dreifingu efna fyrir Sigurð Pál úr innkaupaferð þessari. Framburðir Runólfs Þórs voru mjög óljósir, bæði um efnismagns og atvik að öðru leyti.

Kvað hann Sigurð Pál hafa komið með líklega 600—700 gr úr þessari ferð og hafa ásamt Halldóri Snorra selt ofangreint efni að mestu á Keflavíkurflugvöll. Þess utan kvaðst Runólfur Þór ásamt meðákærða Halldóri Snorra hafa tekið við pöntunum á hassefnum frá ýmsum aðiljum í Reykjavík og síðan fengið efni hjá Sigurði Páli til að selja þeim. Hafi þetta átt sér stað við dreifingu efna úr öllum ferðum Sigurðar Páls.

Runólfur Þór staðfesti ofangreint hér í dómi 28. júní 1977.

Varðandi framburð ákærða Halldórs Snorra þá vísast hér til framburðar hans, er rakinn var í málsatvikum varðandi 2. ákærunnið hér að framan.

Ekki verður séð, að tekist hafi að yfirheyra ofangreindan varnarliða vegna máls þessa.

6. ákærunnið.

Ákærði Sigurður Páll lýsti hér í dómi 30. júní 1977 för sinni til Kaupmannahafnar um miðjan ágúst 1976 til hasskaupa, en hafði áður, eins og að ofan er rakið, samið við meðákærðu Runólfi Þór og Halldór Snorra um samvinnu í innflutningi og dreifingu fíkniefna. Hafi Halldór Snorri þá nokkru áður ráðið sig sem skipverja á m/s Skógafoss, er siglt hafi m. a. til Álaborgar. Til farar kvaðst Sigurður Páll hafa haft eftirstöðvar söluandvirðis úr síðustu innkaupaferð og á veitingastað í Kaupmannahöfn keypt 700—800 gr af Líbanonhassi. Í nefndu þinghaldi gat ákærði Sigurður Páll ekki um kaupverð ofangreinds efnis, en í lögregluýfirheyrslu 5. júní s. á. kvað hann kaupverð 11—12 danskar kr. hvert gramm.

Í nefndu þinghaldi skýrði ákærði Sigurður Páll svo frá, að hann hefði haldið með ofangreint efni flugleiðis til Álaborgar, en þar þá verið í höfn m/s Skógafoss og þar hafi meðákærði Halldór Snorri móttekið ofangreint hassefni til flutnings til Íslands. Ákærði Sigurður Páll kvaðst þó áður hafa tekið 30 gr af efnum og flutt til Randers á Jótlandi og þar selt dönskum kunningja sínum 25 gr á danskar kr. 15 hvert gramm. Meðákærði Runólfur Þór hafi síðan annast sölu efnisins hér á landi og flutt

söluandvirðið, um kr. 400.000 ísl., til Kaupmannahafnar og afhent sér í seinni hluta ágúst.

Hér í dómi 28. júní 1977 var ákærði Runólfur Þór yfirheyrður og þá svo eftir honum bókað um ofangreint:

„Mætti segir Dóra hafa verið búinn að sækja um starf hjá Eimskip og í ágúst fengið pláss á Skógafossi. Mætti segir þá hafa samið svo, að Sigurður keypti efnin úti, Dóri sæi um flutning hingað til lands og mætti um dreifingu og ágóða yrði síðan skipt jafnt milli þeirra, þó ekki fyrr en Sigurður hafi verið búinn að gera upp við e-n erlendan aðila, sem Sigurður hafi verið í félagi við. Mætti kveðst ekki hafa þetta á hreinu, en vita þó, að Sigurður hafi upphaflega verið í samvinnu við erlendan aðila, sem hafi fjármagnað fyrstu ferðir með honum og Sigurður hafi verið að smá greiða það niður. Síðar kveðst mætti hafa heyrt, að það hafi lagst illa í þann aðila, er hann komst að því, að Sigurður væri kominn í samvinnu við aðra (þ. e. mætta og Dóra) og þá heimtað stærri hlut en honum bar. Eftir að Dóri var kominn á Skógafoss, segir mætti Sigurð enn hafa haldið utan og keypt efni, sem Dóri flutti heim frá Danmörku. Mætti segir það hafa verið Líbanonhass, um 800 gr. Mætti kveðst hafa selt Dave Ditz mest allt þetta efni. Afhendingar segir mætti hafa verið margar og alltaf við Fitjanesti og Aðalbílastöðina. Mætti segir alltaf e-a hafa verið með Dave, en mætti kveðst ekki þekkja þá. Mætti kveðst hafa afhent Dave efnið í mörgum afhendingum, mest 300 grömm í einu. Mætti segir Dave hafa gengið treglega að útvega \$ og greitt fyrir mest allt í ísl. peningum, 1.000—1.200 kr. fyrir grammið, eftir því hve mikið hann tók. Mætti kveðst hafa greitt bílaleigubíl, lifibrauð og farmiða fram og til baka til og frá Kaupmannahöfn, allt af söluandvirði og haldið utan með est., sem mætti telur, að hafi verið um 600 þús., en þó geti e-u munað. Aðspurður um greiðslu til Dóra segir mætti hann hafa ætlað að taka 20% af fluttu efni sem greiðslu fyrir sig, en segir hann ekki hafa tekið svo mikið úr þessari ferð, en þó e-ð af efni.“

Ákærði Halldór Snorri var yfirheyrður hér í dómi 27. júní 1977 og bar efnislega á sama veg og meðákærðu um ofangreint, en kvað efnismagn 500—600 gr. Ekki kemur fram í ofangreindu þinghaldi, hvar ákærði Halldór Snorri afhenti meðákærða Runólfi Þór ofangreind efni, en í lögregluyfirheyrslu 23. júní 1977 kvaðst hann hafa afhent Runólfi Þór efnið á Akranesi, en þar hafi skipið verið í höfn.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að ná til

ofangreinds varnarliða, er viðskipti átti við Runólf Þór skv. framburði þess síðarnefnda.

7. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi 30. júní 1977 skýrði ákærði Sigurður Páll svo frá, að meðákærði Runólfur Þór hafi nærri mánaðamótum ágúst/sept 1976 keypt tæpt 1 kg af tvenns konar hassi í Kaupmannahöfn fyrir áðurnefnt söluandvirði efna úr næstu ferð á undan og kaupverð verið danskar kr. 10 fyrir hvert gramm. Kvaðst Sigurður Páll síðan hafa tekið við hassinu og haldið með það flugleiðis til Álaborgar og þar afhent meðákærða Halldóri Snorra til flutnings hingað til lands utan 30 gr, er Sigurður Páll hafi selt í Randers sem fyrr. Meðákærði Runólfur Þór hafi síðan annast sölu efnisins hér á landi og um hálfum mánuði síðar sent sér 1.100 bandaríkjadali til Kaupmannahafnar og stuttu síðar komið með eftirstöðvar söluandvirðis, kr. 300.000, sjálfur til Kaupmannahafnar.

Ákærði Runólfur Þór var yfirheyrður hér í dómi 28. júní 1977 og bar þá efnislega á sama veg og meðákærði Sigurður Páll, en kvað keypt hassefni hafa verið 800 gr alls, er hann hafi síðar mótttekið frá meðákærða Halldóri Snorra eftir komu hingað til lands utan 30—40 gr, er Halldór Snorri hafi tekið. Kvaðst Runólfur Þór síðan hafa selt þremur varnarliðsmönnum og á Keflavíkurflugvelli samtals um 700 gr af efninu, ýmist á kr. 1.000 eða 6 bandaríkjadali hvert gramm. Söluandvirði hafi hann síðan komið til meðákærða Sigurðar Páls í Kaupmannahöfn og það verið ætlað til frekari fíkniefnakaupa.

Ákærði Halldór Snorri bar í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi 27. júní 1977 efnislega á sama veg og meðákærðu um ofangreint, en kvað efnismagn þó heldur minna, eða 700 gr.

Varðandi afhendingu efnis til Runólfs Þórs þá kvað Halldór Snorri Skógafoss hafa komið til hafnar á Akranesi og því hafa flutt efnið með sér með m/s Akraborg til Reykjavíkur, en þar hafi hann afhent Runólfi Þór efnið.

Ekki liggur fyrir framburður varnarliða þeirra, er vikið er að í framburði Runólfs Þórs hér að ofan.

8. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi 30. júní 1977 lýsti ákærði Sigurður Páll sakaratriðum í þessum ákærulið. Eins og rakið var undir næsta ákærulið hér að ofan, móttók Sigurður Páll söluandvirði síðustu

hasssendingar hjá meðákærða Runólfi Þór í Kaupmannahöfn í fyrri hluta september 1976. Kvað hann Runólf Þór hafa sagt sér, að meðákærði Halldór Snorri mundi sigla næst með m/s Skógafossi til Rotterdam. Hafi hann þá skilið við Runólf Þór og haldið með lest til Amsterdam með ofangreint söluandvirði. Í Amsterdam hafi hann keypt 1200 gr af Líbanonhassi á 2.3—2.4 holl. gyllini hvert gramm og 50 gr af Nepalhassi á 5 gyllini grammíð, en síðan haldið með efni til Rotterdam á fund Halldórs Snorra. Í Rotterdam hafi hann afhent Halldóri Snorra ofangreint hass og sá tekið að sér flutning hingað til lands án endurgjalds.

Ákærði Sigurður Páll kvaðst síðan hafa haldið til Luxemburg og þaðan flugleiðis til Íslands. Hafi hann verið orðinn fjárvana og samþykkt víxil fyrir fargjaldinu. Sigurður Páll kvaðst hafa komið hingað til lands tveimur dögum á undan Halldóri Snorra og fengið að dvelja hjá nafngreindum kunningja sínum að Skólastræti 1 hér í borg. Þar hafi Halldór Snorri afhent sér hassið eftir komu hingað til lands. Kvaðst hann hafa gefið Halldóri Snorra 10—20 gr af Líbanonhassinu, en hann áður verið búinn að taka 30 gr af Nepalhassinu. Sigurður Páll kvað Halldór Snorra í þessari sömu ferð hafa flutt fíkniefni fyrir nafngreindan aðilja og hafi Halldór Snorri afhent sér 100 gr af svörtu Afghanistanhassi í söluskyni.

Ákærði Sigurður Páll kvaðst þegar hafa haft samband við áður nefndan varnarliða, Dave Ditz, og hitt hann við rútubílastöð í Keflavík. Hafi verið um samið, að Dave fengi hassið á 6 bandaríkjadali hvert gramm. Hafi nefndur Dave mótttekið 400 gr og greitt inn á um 800 dali. Nokkrum dögum síðar hafi hann á sama stað afhent nefndum Dave 600 gr af Líbanonhassinu og 100 gr af efni Halldórs Snorra, en það efni hafi átt að selja á 7 bandaríkjadali hvert gramm. Hafi nefndur Dave þá greitt eitthvað í viðbót og heildargreiðsla frá honum þá verið 2.300—2.400 dalir, en ekki hafi tekist að ná afgangi greiðslu frá honum, þar sem hann hafi farið af landi brott. Sigurður Páll kvaðst ekki hafa selt fleirum af þessum efnum og afgangur farið til eigin neyslu og kunningja ónafngreindra.

Ákærði Halldór Snorri lýsti í lögregluýfirheyrslu 21. júní 1977 atvikum varðandi þennan ákærulið og bar á sama veg og ákærði Sigurður Páll um ofangreint, utan hvað hann kvað efnismagn minna, eða 1150 gr alls, en reyndar kvað hann Sigurð Pál hafa sagt sér þyngd efna. Kvaðst Halldór Snorri hafa mótttekið efni í Rotterdam, flutt sjóleiðis hingað til lands, falið í lest um borð í

m/s Skógafossi, og í Reykjavík afhent Sigurði Páli efnið svo til ósnert, en þá sennilega verið búinn að taka af því um 10 gr til eigin neyslu. Í þessari sömu ferð kvaðst Halldór Snorri einnig hafa flutt hassefni fyrir Kristján Róbert Walsh.

Varðandi eignaraðild sína að ofangreindum 1150 gr þá kvaðst Halldór Snorri sem fyrr hafa átt $\frac{1}{3}$ hluta efnanna, en Sigurður Páll mótttekið efni sem áður segir og selt varnarliða, er horfið hafi af landi brott án þess að greiða fyrir efni.

Ákærði Halldór Snorri var yfirheyður hér í dómi 27. júní 1977 og bar þá á sama veg um ofangreint. Kvaðst hann ekki hafa haft annað út úr ofangreindum flutning en 20—30.000 kr., er með-ákærði Runólfur Þór hafi greitt sér, og frítt efni til eigin neyslu. Auk ofangreinds efnis kvaðst Halldór Snorri hafa afhent Sigurði Páli 140 gr af svörtu hassi í söluskyni, er hann hafi fengið fyrir að flytja efni fyrir Kristján Róbert, en ekki fengið það efni greitt heldur.

Eins og rakið var varðandi næsta ákærulið hér á undan, þá lýsti Runólfur Þór hér í dómi 28. júní 1977 afhendingu söluandvirðis úr næstu ferð á undan til ákærða Sigurðar Páls í fyrri hluta september 1976. Hafi Sigurður Páll verið mjög óánægður með skil sín á söluandvirði og ekki viljað hafa sig í frekari samvinnu um dreifingu fíkniefna. Hafi hann því ekki komið nálægt dreifingu efna, er Sigurður Páll keypti í Hollandi, en ekkert uppgjör hafi þó farið fram þeirra þriggja í milli.

9. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 6. júní 1977 aðild sinni að innflutningi og sölu fíkniefna ásamt Snorra Guðmundssyni. Skýrði hann svo frá, að um mánaðamótin september—október 1976 hafi hann hér í borg hitt nefndan Snorra og þeir ákveðið að sameinast um kaup á hassi erlendis og þeir talið sig sameiginlega eiga fyrir um 800 gr af slíku. Nokkru seinna hafi þeir haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar, en þó ekki með sömu vél. Í Kaupmannahöfn kvaðst Sigurður Páll hafa keypt 700—800 gr af grænu Marokkóhassi á danskar kr. 9.50 af dönskum kunningja sínum. Hafi hann dvalið ásamt nefndum Snorra um vikutíma í Kaupmannahöfn, en Snorri síðan haldið með ofangreint efni flugleiðis hingað til lands. Sigurður Páll kvaðst nokkrum dögum seinna hafa komið hingað til lands og hér í borg mótttekið sinn hluta af hassinu, er hafi verið 350 gr. Kvað hann þá Snorra hafa lagt fram jafnmikið fé til kaupanna,

en Snorri fengið 20% af sínu efni fyrir flutninginn og þannig samtals allt að 400 gr. Kvaðst Sigurður Páll hafa selt 220—250 gr nafngreindum varnarliða á Keflavíkurflugvelli á 6 bandaríkjadali og ónafngreindum aðiljum 2x5 gr.

Í lögregluskýrslu 19. júní 1977 breytti Sigurður Páll framburði sínum á þá leið, að efnismagn til nefnds varnarliða hafi verið 150—180 gr, en 70 gr hafi hann selt ónafngreindum manni við Ránargötu í Reykjavík á kr. 1.200—1.300 hvert gramm.

Ákærði Sigurður Páll var yfirheyrður hér í dómi 30. júní 1977 og bar þá efnislega á sama veg í flestum atriðum. Kvað hann keypt efnismagn 800—900 gr, en nefndur Snorri hafi afhent sér 360 gr eftir komu hingað til lands, en sá þá búinn að selja af efnishluta Sigurðar Páls og því jafnframt greitt kr. 40.000. Þá kvað hann efnismagn selt nefndum varnarliðsmanni um 200 gr, en salan til ónafngreinda piltsins 60—80 gr.

Nefndur Snorri Guðmundsson, fæddur 6. október 1951, var yfirheyrður hér í dómi 19. apríl 1977 og bar efnislega á sama veg og ákærði Sigurður Páll, en taldi efnismagn þó meira. Kvað hann Sigurð Pál hafa keypt fyrir þá 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn, og eftir að hafa flutt efni hingað til lands kvaðst nefndur Snorri hafa afhent Sigurði Páli hans efnishluta, er verið hafi ½ kg.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að yfirheyra nefndan varnarliða um ofangreint.

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, viðurkenndi hjá lögreglu í Reykjavík 3. ágúst 1977 að hafa um mánaðamótin október/nóvember 1976 keypt 60 gr afhassi af ákærða Sigurði Páli. Nefndur Kristján var yfirheyrður vegna þess, að ákærði Sigurður Páll benti á mynd af Kristjáni í myndasafni lögreglu, og kvað hann ofangreindan kaupanda á hassi af sér.

Ofangreind kaup kvað Kristján hafa farið fram við knattborðstofu við Klapparstíg. Þá kvaðst nefndur Kristján einnig hafa keypt hass af ákærða Sigurði Páli í nóvember sama ár og alls 35 gr og afhendingar þá farið fram m. a. við Ránargötu hér í borg.

10. ákæruliður.

Í lögregluyfirheyrslu 6. júní 1977 og í áðurnefndu þinghaldi 30. júní 1977 bar ákærði Sigurður Páll að hafa síðari hluta árs 1976 keypt 100 gr af Líbanonhassi af nefndum Snorra Guðmundssyni á 6 bandaríkjadali hvert gramm. Af þessu efni kvaðst hann hafa selt sennilega 60 gr Guðmundi Einarssyni á kr. 1.300 hvert gramm, en annað farið til eigin neyslu.

Nefndur Snorri Guðmundsson bar hér í dómi 19. apríl 1977 að hafa selt ákærða Sigurði Páli 150 gr af Líbanonhassi í nóvember 1976 á kr. 1.300 hvert gramm.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að ofangreindur Guðmundur Einarsson hafi gengist við nefndum hasskaupum af ákærða Sigurði Páli.

11. ákæruliður.

Í nefndu þinghaldi hér í dómi 30. júní 1977 og í lögregluyfirheyrslu 6. júní s. á. bar ákærði Sigurður Páll að hafa í árslok 1976 í Reykjavík keypt 100 gr af Marokkóhassi af meðákærða Halldóri Snorra á kr. 1.200 hvert gramm. Af nefndu efni kvaðst hann hafa selt 60 gr á 1.200 kr. hvert gramm sama pilti og hann gat um varðandi sölu úr hasskaupaferð sinni ásamt Snorra Guðmundssyni. Eftirstöðvar efnis kvaðst hann hafa haft til eigin neyslu.

Varðandi framburð ofangreinds kaupanda vísast til atvikalýsingar varðandi 9. lið hér að ofan.

Meðákærði Halldór Snorri bar á sama veg um ofangreint í yfirheyrslu hjá lögreglu 22. júní 1977.

II. Ákærði Halldór Snorri Bragason.

1. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan.

2. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri Bragason var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 8. desember 1976 og hér í dómi 20. desember sama ár. Skýrði hann svo frá að hafa í apríl það ár haldið til Rotterdam með 300 bandaríkjadali af eigin fé og 1.000 bandaríkjadali, er hann skömmu fyrir utanför sína hafi tekið við hjá Franklín Kristni Steiner til hasskaupa. Hafi áður verið um samið við Kristján Róbert Walsh, skipverja á m/s Tungufossi um þær mundir, að sá flytti efni sjóleiðis hingað til lands og átt að fá 10% efna í þóknun. Um mánaðamótin apríl/mái kvaðst Halldór Snorri hafa keypt 700 gr af hassi í Rotterdam og kaupverð verið um 1.700 holl. gyllini. Efnið kvaðst hann hafa keypt tveimur dögum áður en Tungufoss kom til hafnar í Rotterdam. Eftir komu skipsins hafi hann hitt nefndan Kristján, eins og um var samið, og afhent honum 570 gr til flutnings hingað til lands, en

um 100 gr hafi hann sjálfur haldið eftir og flutt með sér til Kaupmannahafnar. Þar hafi hann dvalið í nokkra daga og neytt af ofangreindu efni, en að hluta selt ótilgreindum aðiljum í svo nefndu Kristjánúhverfi.

Eftir komu hingað til lands skömmu seinna kvaðst Halldór Snorri hafa mótttekið ofangreint efni úr höndum nefnds Kristjáns um boð í m/s Tungufossi, er var í höfn í Reykjavík, og greitt honum fyrir flutning með 100 gr af efninu, en 250 gr afhent nefndum Franklín Kristni. Eftirstöðvar efnis hafi síðan farið til eigin neyslu.

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, var yfirheyrður hér í dómi 27. október 1976 og bar á sama veg og ákærði Halldór Snorri um ofangreint og nánar að hafa lagt fram um 1.100 bandaríkjadali til hasskaupaferðar ákærða Halldórs Bragasonar í apríl 1976 og nokkru seinna hér í borg frá honum mótttekið 200 gr af hassi. Franklín kvað Kristján Róbert Walsh hafa flutt efni hingað til lands og ákærði Halldór Snorri Bragason afhent honum 50 gr af efni fyrir.

Kristján Róbert Walsh, fæddur 6. ágúst 1956, var yfirheyrður hér í dómi 22. nóvember 1976 og bar þá á sama veg og ákærði Halldór Snorri og Franklín Kristinn um flutning ofangreinds hassefnis hingað til lands, en kvað þó þóknun sína fyrir flutninginn aðeins hafa verið hass fyrir sem svaraði 30.000 kr.

3. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 6 hér að framan.

4. ákæruliður.

Um málsatvik varðandi þennan ákærulið vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 7 hér að framan.

5. og 7. ákæruliður.

Í atvikalýsingu varðandi lið I, 8 hér að framan eru raktir málavextir varðandi flutning ákærða Halldórs Snorra á hassefni, móttæknu frá meðákærða Sigurði Páli, og vísast hér til þess.

Hér í dómi 20. desember 1976 skýrði ákærði Halldór Snorri svo frá, að í lok september þ. á., er hann var skipverji á m/s Skógafossi, hafi Kristján Róbert Walsh komið til sín, er skipið var í höfn í Rotterdam, og beðið sig að flytja heim til Íslands 1500 gr af hassi og afhenda Eiríki Magnússyni, Mávahlíð 16 hér í borg.

Hafi þóknun fyrir flutning átt að vera 250 gr af efninu. Kvaðst ákærði Halldór Snorri síðan hafa annast flutning efnis og afhent nefndum Eiríki, eins og um var samið.

Í nefndu þinghaldi kvaðst Halldór Snorri hafa notað ofngreind 250 gr sjálfur, en eitthvað þó selt.

Er ákærði Halldór Snorri var yfirheyrður hér í dómi 15. júní 1977, kvaðst hann hafa afhent meðákærða Sigurði Páli 140 gr af ofangreindu hassi, en Sigurður Páll hins vegar aldrei borgað efnið.

Eiríkur Rafn Magnússon, fæddur 12. febrúar 1952, lýsti í lög-regluyfirheyrslu 16. nóvember 1976 og hér í dómi 17. og 20. s. m. kaupum sínum og Kristjáns Róberts Walsh á 1.5 kg af hassi í Hollandi, er ákærði Halldór Snorri, þá skipverji á m/s Skógafossi, hafi flutt hingað til lands gegn greiðslu í efni. Nefndur Eiríkur Rafn kvaðst hafa mótttekið ofangreint efni úr höndum ákærða Halldórs Snorra eftir komu hans til Reykjavíkur, en hann aðeins afhent 1100 gr. Hafi Kristján Róbert sagst hafa tekið 50 gr af efninu, en afgang þess, er á hafi vantað, hafi Halldór Snorri fengið fyrir flutninginn. Eiríkur Rafn kvað m/s Skógafoss hafa komið hingað til lands 25. september, en hins vegar Halldór Snorri ekki afhent sér efni fyrr en 30. s. m. og þá að Mávahlíð 16, eins og áður segir.

Kristján Róbert Walsh bar hér í dómi 22. nóvember 1976 efnislega á sama veg og ákærði Halldór Snorri og Eiríkur Rafn um ofangreint.

Framburður ákærða Sigurðar Páls varðandi ofangreind hasskaup af meðákærða Halldóri Snorra var rakinn hér að framan undir ákærulið I, 11, og vísast hér til þess, er þar segir.

6. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri lýsti sakaratriðum í þessum ákærulið 8. desember 1976 hjá lögreglu í Reykjavík og hér í dómi 20. s. m. Kvaðst Halldór Snorri í október þ. á. í Rotterdam hafa mótttekið 5.000 holl. gyllini frá Kristjáni Róbert Walsh og 1.250 holl. gyllini frá meðákærða Runólfi Þór, en umtalað var, að hann keypti hass fyrir féð. Hafi hann síðan af ónafngreindum aðlja þar í borg keypt liðlega 2 kg af hassi fyrir 6.000 holl. gyllini, en haldið 250 gyllinum til eigin nota. Að loknum kaupum hafi hann farið með efnið á hótél til Kristjáns og Runólfs Þórs og þeir þar brotið efni í smærri einingar, svo unnt væri að fela það á tilteknum stað í

lest m/s Skógafoss, er Halldór Snorri var þá skipverji á. Kvaðst Halldór Snorri hafa tekið að sér flutning efnis hingað til lands sjóleiðis með nefndu skipi og síðan átt að hitta þá Kristján og Runólf Þór við komu hingað til lands. Frá Rotterdam kvað Halldór Snorri Skógafoss hafa siglt til Gautaborgar, en þar hafi hann selt tveimur sænskum piltum 30—40 gr af efninu á sænskar kr. 500. Halldór Snorri kvaðst ekki hafa getað nálgast efni í skipinu fyrr en viku eftir komu þess hingað til lands vegna varnings, er var í lest. Hafi hann sótt efnið, er skipið var í Straumsvíkurböfn, og haldið með það til heimilis síns og tekið af því 300 gr, er verið hafi sinn hluti fyrir innflutning. Eftirstöðvar efnis, eða 1700 gr, kvaðst hann hafa afhent Eiríki Rafni Magnússyni að Mávahlíð 16 hér í borg.

Af ofangreindum efnishlut sínum kvaðst Halldór Snorri hafa gefið Runólfi Þór 100 gr og í nóvember selt nafngreindum varnarliðsmanni 132 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

Kristján Róbert Walsh var yfirheyrður hér í dómi 22. nóvember 1976 og lýsti þá afhendingu sinni á 5.000 holl. gyllinum til ákærða Halldórs Snorra í Rotterdam í október það ár til hasskaupa. Hafi hann fyrir féð átt að kaupa 2 kg af hassi fyrir sig og meðákærða Runólf Þór. Hafi Halldór Snorri tekið að sér flutning efnisins hingað til lands sjóleiðis með m/s Skógafossi gegn greiðslu í efni. Hér hafi hann svo afhent Eiríki Rafni Magnússyni 1700 gr, en það, sem á hafi vantað heildarmagn, tekið sem þóknun fyrir flutning. Þá kvaðst nefndur Kristján hafa selt Runólfi Þór 150 gr af efninu á kr. 900 hvert gramm.

Eiríkur Rafn Magnússon, fæddur 12. febrúar 1952, var yfirheyrður hér í dómi 20. nóvember 1976 og lýsti sendingu um 4.000 bandaríkjadala til Rotterdam með ákærða Runólfi Þór, er þar afhenti þá Kristjáni Róbert Walsh og Halldóri Snorra Bragassyni, er annast áttu fíkniefnakaup. Kvaðst Eiríkur Rafn um mánaðamót október/nóvember 1976 hafa mótttekið um 1.7 kg af hassi úr höndum ákærða Halldórs Snorra Bragasonar, er flutti efni hingað til lands. Kvaðst Eiríkur Rafn síðan hafa fyrir milligöngu Runólfs Þórs í Reykjavík selt Sigurði Berndsen 500 gr af ofangreindu efni.

Ákærði Runólfur Þór var yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 10. janúar 1977 og þá eftir honum bókað:

„Í lögr.skýrslu kveðst mætti réttilega hafa lýst sinni fíkniefnameðhöndlun og endurtekur nú að hafa komist að því, að Halldór Snorri Bragason hafi flutt hass frá Rotterdam fyrir

Kristján Walsh og Eirík Magnússon í sept. sl. Mætti segir Halldór hafa sagt sér þetta og jafnframt boðið að eiga hluta að frekari viðskiptum þeirra áðurnefndra. Vegna þessa kveðst mætti hafa samþykkt að bera fé frá Eiríki til Kristjáns í Rotterdam. Kveðst mætti hafa haldið flugleiðis út samkvæmt áætlun, en mætti fékk fríar ferðir. Kveðst mætti hafa farið með 4.000 US \$ út og afhent Kristjáni þar af 3.000, en Halldóri 500. Þá 500 \$, sem eftir voru, kveðst mætti hafa tekið upp í farareyri. Kveðst mætti vita, að Kristján lét Halldór fá peningana, og keypti hann 2 kg af hassi, sem hann svo flutti með Skógafossi heim.

Mætti kveðst hafa komið heim með Kristjáni, fljúgandi frá Kaupmannahöfn. Eftir heimkomu segir mætti Halldór hafa gefið sér mola, allt að 100 grömmum, en hann tók 20% efnis fyrir heimflutning, sem í skýrslu greinir kveðst mætti hafa selt 500 grömm efnis fyrir Eirík og Kidda, þannig að mætti setti sig í samband við Sig. Berndsen, sem keypti efnið af mætta fyrir 5½ \$ grammið, en mætti greiddi Eiríki 5 \$ pr. gramm. Mætti kveðst ekki hafa hugmynd um, hverjum Sigurður seldi, en telja hann hafa selt varnarliða.

Réttilega kveðst mætti hafa lýst viðskiptum þessum í lögr-skýrslu þeirri, sem hér liggur frammi.“

Sigurður Berndsen, fæddur 14. nóvember 1947, lýsti hér í dómi 10. mars 1977 ofangreindum kaupum á 500 gr af hassi af Runólfi Þór Jónssyni og bar á sama veg og Runólfur um viðskiptin.

III. Ákærði Runólfur Þór Jónsson.

1. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan.

2. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákæruliði I, 6 og II, 3 hér að framan.

3. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákæruliði I, 7 og II, 4 hér að framan.

4. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið II, 6 hér að framan.

5. ákæruliður.

Ákærði Runólfur Þór viðurkenndi við yfirheyrslu hér í dómi 24. apríl 1977 að hafa í byrjun desember 1976 samkvæmt beiðni Snorra Guðmundssonar farið með honum til Rotterdam og fyrir hann þar í borg keypt tvær plötur af hassi, er vegið hafi 500 gr hvor, og brot af þeirri þriðju og greitt 2 holl. gyllini fyrir hvert gramm. Hafi hann síðan afhent Snorra efnið óskipt og ekkert fengið fyrir aðstoðina við kaupin.

Ofangreindur Snorri Guðmundsson, fæddur 6. okt. 1951, var yfirheyrður hér í dómi 19. apríl 1977 og bar efnislega á sama veg og ákærði Runólfur Þór um ofangreint.

6. ákæruliður.

Auður Elísabet Guðmundsdóttir, fædd 25. janúar 1958, var þann 23. apríl 1977 handtekin vegna meintrar aðildar að fikniefnamisferli. Við húsleit, sem framkvæmd var í herbergi Auðar í risibúð að Drápuhlíð 28 hér í borg, fundu lögreglumenn í litlu borði umtalsvert magn eitt hundrað krónu seðla, eða alls að upphæð kr. 259.000. Þar sem grunur lék á, að féð væri ætlað til fikniefnakaupa, var lagt hald á þá og þeir merktir í sýnabók ÁFD sem nr. 25. Í íbúðinni fundust jafnframt pípur, er báru þess merki, að úr þeim hefði verið neytt kannabis.

Er lögreglumenn komu á staðinn, voru þar stödd auk nefndrar Auðar ákærði Runólfur Þór Jónsson og Margrét Guðjónsdóttir, en framangreind Margrét leigði nefnda risibúð ásamt nefndri Auði. Öll framangreind voru síðan færð á lögreglustöð til yfirheyrslu.

Auður Elísabet var yfirheyrð hjá lögreglu sama dag og hér fyrir dómi daginn eftir og var í nefndu þinghaldi eftirfarandi eftir nefndri Auði bókað:

„Mætta kveðst hafa flutt í Drápuhlíð 28 ásamt Margréti Guðjónsdóttur 1. mars sl. Svo til frá þeim tíma segir mætta Runólf Þór Jónsson hafa búið með þeim án þess að taka þátt í húsaleigugreiðslum. Vegna húsaleigugreiðslna kveðst mætta hafa fengið 150 þús. kr. víxil í útibúi Landsbanka í húsi Háskólabíós. Mætta kveðst ekki vera í viðskiptum við nefndan banka, en útgefandi á víxli hafi verið Þórarinn Stefánsson afgreiðslustjóri hjá Flugfélagi Íslands, þar sem mætta starfar, og vegna þessa kveðst mætta hafa fengið þessa fyrirgreiðslu.

Mætta kveðst hafa fengið andvirði víxils í hendur fyrir ca.

viku síðan. Mætta segir Gunnar Erlingsson tíðan gest í Drápuhlíðinni. Þar segir mætta fíkniefni, einkum hass, hafa verið meðhöndlað. Mætta segist ásamt Runna og Gunnari hafa rætt um innflutning hassefna, en þá fyrst er hún var komin með peningana milli handanna. Ekki kveðst mætta geta svarað því, hver átti hugmyndina öðrum fremur. Í þessu skyni hafi Gunnar fengið víxil, sennilega 100 þúsund í Landsbanka, og var hann kominn með andvirðið í hendur fyrir nokkrum dögum. Mætta segist geta fullyrt nákvæmlega um samskotafé, sem hafi verið 260 þúsund, falið undir borði í herbergi mættu. Framlag mættu verið það, sem hún fékk í hendur vegna víxils, þ. e. 150 + vextir, sem mætta telur, kveðst hún ekki geta sagt til um mismuninn.

Mætta kveðst eiga kost á frímiða hjá Flugfélagi og hafa ætlað til Kaupmannahafnar e-n næstu daga. Mætta kveðst starfa frá 8—19 tvo daga og svo frí í tvo. Slíka tvo kveðst mætta hafa ætlað að nota í þessu skyni, þó ekki hafi verið ákveðið nákvæmlega, hvenær það yrði.

Sérstaklega aðspurð kveðst mætta hafa ætlað að kaupa hassið í Kristíaníu. Mætta kveðst þekkja nokkuð til staðhátta þar og vita, hvernig eigi að bera sig til við slík kaup, þó mætta hafi aldrei keypt þar nema nokkur grömm í einu á árum fyrr, er hún dvaldi í Kaupmannahöfn. Efnið hafði mætta hugsað sér að hafa vafið við skrokk sinn á leið hingað til lands, sennilega neðarlega á baki.

Sérstaklega aðspurð um þátt Runólfs í þessari ætlan segir mætta hann hafa tekið saman innkomið fé og skipt því öllu í eitthundraðkrónuseðla. Þá hafi hann og ætlað að sjá um sölu efna, eftir að hingað væru komin, en mætta kveðst ekki hafa um það viljað vita.

Ekki segir mætta, að nákvæmlega hafi verið búið að ræða skiptingu söluandvirðis og því ekki búið að meta aðild Runólfs til fjár.

Gunnar Rafn Erlingsson, fæddur 29. júní 1956, var sama dag yfirheyrður hér í dómi og bar á sama veg og Auður Elísabet. Kvað Gunnar Rafn Runólf Þór hafa borðið sér u. þ. b. viku áður að leggja fram fé til fíkniefnaútvegunar frá Kaupmannahöfn. Kvaðst Gunnar Rafn síðan hafa farið í Landsbanka Íslands, aðalbanka, sl. miðvikudag og fengið 150.000 kr. víxil til þriggja mánaða. Andvirði víxils kvaðst Gunnar Rafn hafa fengið sl. föstudag og það verið um kr. 143.000 að frádregnum vöxtum, en síðan ásamt Runólfi Þór skipt því í eitt hundrað krónu seðla í nokkrum

bönkum. Með eitt hundrað krónu seðlana kvað Gunnar Rafn þá síðan hafa haldið að Drápuhlíð 28, þar sem nefndur Runólfur Þór hefði dvalið að undanfögnu.

Sérstaklega aðspurður kvaðst Gunnar Rafn hafa átt að fá efni í samræmi við framlag og „að sjálfsögðu hafa ætlað að selja af því til að hagnast á þessum viðskiptum.“

Gunnar Rafn hélt í fyrstu undan þætti Auður Elísabetar, en eftir samprófun með Auði Elísabetu sama dag hér í dómi var eftirfarandi bókað eftir honum:

„Sérstaklega aðspurður segir mætti Gunnar Rafn hafa verið ákveðið, að Auður Elísabet, sem starfar hjá Flugfélagi Íslands, hafi átt von á frímiða, og ætlaði hún út til kaupa hassefna í Kaupmannahöfn e-n næstu daga. Mætti segir hana síðan hafa ætlað að hafa efnið á sér innan klæða við komu hingað til lands.

Mætti ítrekar að hafa átt að fá efi í samræmi við framlag. Mætti segist viðurkenna, að Auður hafi lagt fram fé það, sem saman var komið og var umfram það, sem mætti hafi lagt til, þannig hafi hún lagt til um 100 þús. kr.

Mætti kveðst ekki vita, hvernig Auður og Runni ætluðu að ráðstafa efni því, er í hlut þeirra kæmi, en mætti kveðst líta á þau sem eitt í þessum viðskiptum.“

Ákærði Runólfur Þór lýsti hér fyrir dómi sama dag aðild sinni að máli þessu og lýsti útvegum fjár og skipti þess í eitt hundrað krónu seðla á sama veg og Gunnar og Auður. Nánar um fyrirhuguð hasskaup og sína aðild var eftir Runólfi Þór bókað:

„Mætti segir hafa verið ákveðið, að Auður Elísabet færi á frímiða til Kaupmannahafnar í dag og keypti hass í Kristíaníu. Mætti segir þau hafa reiknað með að fá 500—700 grömm efnis fyrir peningana og hafi Auður ætlað að reyna að vera komin ekki síðar en á 3ja degi. Mætti segir Auði hafa ætlað að hafa efnið á sér við hingaðkomu, annaðhvort í Machintoshboxi eða fest við líkama sinn. Aðspurður um ráðstöfun efna segir mætti hugmyndina hafa verið að kaupa lítið magn af e-u góðu efni til eigin nota og síðan ódýrara efni til sölu, sem mætti kveðst hafa ætlað að sjá um sölu á. Mætti segir þetta þó ekki hafa verið ákveðið frekar en svo, að efni yrði skipt til helminga, enda Auður og Gunnar lagt fé til að jöfnu, samtals 260 þúsund. Síðan ætlaði mætti að selja efnið í lausasölu á Billjard á Klapparstíg gegn ákveðinni þóknun frá báðum. Ekki segir mætti prósentuþóknun hafa verið ákveðna, en mætti gerir sér í hugarlund, að gæti hafa orðið ca 25%.“

NIÐURSTÖÐUR.

I. Ákærði Sigurður Páll Sverrisson.

1. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið, og þykir játning ákærða nægilega studd öðrum gögnum málsins. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1976 keypt samtals 750 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12—14 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti samtals allt að 500 gr af efninu tilteknum kunningjum sínum, sem seldu það fyrir ákærða á 4.5—5 bandaríkjadali hvert gramm. Ákærði seldi sjálfur nokkrum aðiljum í Reykjavík samtals allt að 85 gr, ýmist á kr. 1.000 eða 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti ákærði sjálfur af efninu og gaf af því.

2. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er öðrum gögnum málsins, þar á meðal framburðum þeirra Runólfs Þórs Jónssonar og Halldórs Snorra Bragasonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í maí 1976 keypt rúm 800 gr af hassi fyrir um 10.500 danskar krónur í Kaupmannahöfn og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals um 200—300 gr, oftast á um kr. 1.200 hvert gramm. Með aðstoð meðákærðu Runólfs Þórs Jónssonar og Halldórs Snorra Bragasonar seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 300—400 gr af efninu í nágrenni Keflavíkurflugvallar á 7 bandaríkjadali hvert gramm, og komu 6 dalir fyrir hvert gramm í hlut ákærða. Ákærði seldi nefndum Runólfi Þór og Halldóri Snorra 100—200 gr af efni þessu á um kr. 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti hann nokkurs magns af því sjálfur.

3. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er framburði Birgis Bótólfs Guðmundssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæru greinir, nánar í maí/júní 1976 keypt 15 gr af hassi af Birgi Bótólfi Guðmundssyni að Laugavegi 71 í Reykjavík á kr. 1.400 hvert gramm og síðan neytt efnisins sjálfur.

4. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt að hafa viðhaft alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið, og er játning hans studd framburðum meðákærðu Runólfs Þórs og Halldórs Snorra. Þykir því sannað samkvæmt ofansögðu, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í júní/júlí 1976 keypt um 730 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals allt að 70 gr af efninu, neytt sjálfur hluta þess (um 140—150 gr) og afhent meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals allt að 500 gr, sem þeir seldu síðan að mestu leyti á 5.5—6 bandaríkjadali hvert gramm, en samkomulag var með ákærðu um, að Runólfur Þór og Halldór Snorri fengju sameiginlega 1 dal fyrir hvert selt gramm.

5. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt að hafa viðhaft alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning nægilega studd framburðum meðákærðu, Runólfs Þórs og Halldórs Braga. Þykir hér með mega leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið 800 gr, ráðstafað með þeim hætti er í ákæru greinir og eigin neysla talin 70 gr. Þykir þannig sannað samkvæmt ofansögðu, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæru greinir, nánar í júlí/ágúst 1976 keypt 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Egilsstaða og síðan til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals um 300 gr af efninu á um 1.000 kr. hvert gramm, ákærði seldi ýmsum aðiljum samtals 30—40 gr og neytti sjálfur a. m. k. 70 gr. Ásamt nefndum Runólfi Þór seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni 400 gr af þessu efni í Keflavík á 6.5 eða 7 bandaríkjadali hvert gramm.

6. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Játning hans er studd framburðum meðákærðu, Halldórs Snorra og Runólfs Þórs, en aðeins greinir á um efnismagn og fjárhæð þá, er ákærði Sigurður Páll móttók úr höndum Runólfs Þórs í Kaupmannahöfn. Hvað varðar efnismagn,

þá kveður Sigurður Páll það hafa verið 700—800 gr, Runólfur Þór, er annaðist dreifingu, kveður það 800 gr, en Halldór Snorri kveður efni hafa verið 500—600 gr. Með vísan til þessa þykir mega leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið nærri 800 gr. Varðandi skil söluandvirðis til Sigurðar Páls þá kveður Runólfur Þór það hafa verið kr. 600.000, en Sigurður Páll um kr. 400.000.

Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar um miðjan ágúst 1976 keypt 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 11—12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið til Álaborgar, þar sem ákærði afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasynt meginhluta efnisins til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi. Ákærði hélt eftir um 30 gr af hassinu og flutti það til Randers á Jótlandi, þar sem hann seldi dönskum kunningjum sínum 25 gr af efninu á 15 kr danskar hvert gramm. Meðákærði Runólfur Þór Jónsson seldi síðan meginhluta efnisins hér á landi, og móttók ákærði söluandvirðið (um kr. 400.000 eða 600.000) úr höndum nefnds Runólfs Þórs í Kaupmannahöfn í seinni hluta ágúst.

7. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið, og er hann samhljóða framburðum meðákærðu, Runólfs Þórs og Halldórs Snorra, utan hvað þeim ber í milli um efnismagn. Sigurður Páll kveður heildar-efnismagn tæpt 1 kg, en Runólfur Þór, er annaðist kaup efnis, kveður það 800 gr. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar framburð Runólfs Þórs, þrátt fyrir að Halldór Snorri telji, að efnismagn hafi verið heldur minna, eða 700 gr. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar um mánaðamót ágúst/september 1976 keypti meðákærði Runólfur Þór Jónsson 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir söluandvirði hass-efnisins, sem um ræðir í 6. lið hér að framan, og tók ákærði við þessu efni hjá nefndum Runólfi Þór í Kaupmannahöfn og flutti það til Álaborgar, þar sem hann afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasynt efnið til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi, en um 30 gr af efninu hélt ákærði eftir og flutti til Randers og seldi þar sem fyrr. Meginhluta efnisins seldi nefndur Runólfur Þór síðan hér á landi, og í fyrri hluta september móttók ákærði

megnið af söluandvirðinu, um 1.000 bandaríkjadali og kr. 300.000, í Kaupmannahöfn frá nefndum Runólfi Þór.

8. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið, utan hvað hann kveður mótttekið hass í söluskyni frá Halldóri Snorra aðeins 100 gr. Verður hér að leggja framburð ákærða Sigurðar Páls til grundvallar, þrátt fyrir að Halldór Snorri beri, að magn hafi verið 140 gr. Þá þykir rétt að leggja til grundvallar frambuð ákærða Sigurðar Páls um heildarefnismagn, þrátt fyrir að Halldór Snorri beri um minna magn, þar sem fram kemur hjá Halldóri Snorra, að hann veit ekki efnismagn af eigin raun, heldur hefur aðeins orð Sigurðar Páls fyrir því. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar í september 1976 keypt samtals 1250 gr af hassi í Amsterdam fyrir um 3.000 gyllini, flutt efnið til Rotterdam og þar um 20. sept. afhent með ákærða Halldóri Snorra hassið til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi.

Um mánaðamót september/október tekið við framangreindu hassi í Reykjavík úr höndum nefnds Halldórs Snorra og þá um leið tekið við 100 gr af hassi í söluskyni fyrir Halldór Snorra. Selt nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 1100 gr af efnum þessum í Keflavík á 6—7 bandaríkjadali hvert gramm og neytt sjálfur um 200 gr ásamt ónefndum kunningjum sínum.

9. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur játað brot í þessum ákærulið, en kveður efnismagn hafa verið 800—900 gr og af því hafi hann sjálfur aðeins mótttekið 360 gr eftir komu efnis hingað til lands. Þykir hér verða að leggja framburð ákærða Sigurðar Páls til grundvallar, þó nefndur Snorri Guðmundsson beri um nokkuð meira magn. Þykir þannig sannað með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er framburði Snorra Guðmundssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar í október/nóvember 1976 ásamt Snorra Guðmundssyni keypt 900 gr af hassi í Kaupmannahöfn á kr. 9.50 danskar hvert gramm, og flutti nefndur Snorri allt efnið til Reykjavíkur, þar sem ákærði

móttók sinn hluta efnisins, um 360 gr, og auk þess kr. 40.000, sem var söluandvirði hassefnis, sem Snorri hafði þá þegar selt af efnishluta ákærða. Ákærði seldi nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli um 200 gr af hassinu á 6 bandaríkjadali hvert gramm og ónafngreindum manni við Ránargötu í Reykjavík 60—80 gr á kr. 1.200—1.300 hvert gramm, en eftirstöðvar efnisins hafði ákærði til eigin neyslu.

10. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt að hafa í nóvember 1976 keypt 100 gr af hassi af Snorra Guðmundssyni í Kópavogi á 6 bandaríkjadali hvert gramm, selt Guðmundi Einarssyni um 60 gr af efni þessu á um kr. 1.300 hvert gramm og nýtt afgangsins sjálfur. Er játning ákærða Sigurðar Páls studd framburði Snorra Guðmundssonar, sem þó ber um meira magn, eða 150 gr. Þykir hér réttara að leggja framburð ákærða Sigurðar Páls til grundvallar. Hins vegar verður ekki gengið út frá sölu hassefnisins til Guðmundar Einarssonar, þar sem sá hefur ekki, að því er séð verður af gögnum málsins, gengist við nefndum kaupum.

11. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er framburði meðákærða Halldórs Snorra, að Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í nóvember—desember 1976 í Reykjavík keypt 100 gr af hassi af meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni á kr. 1.200 hvert gr, selt ótilgreindum manni í Reykjavík 50—60 gr af efninu á kr. 1.300 hvert gramm og síðan nýtt eftirstöðvanna að mestu sjálfur.

II. Ákærði Halldór Snorri Bragason.

1. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum lið ákæru greinir, og nánar að hafa á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Runólfi Þór Jónssyni annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrisson, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. liði I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. í nokkur skipti að selja slík efni varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli, en ákærði taldist þá jafnan eiga hluta söluandvirðisins eða þáði hassefni til neyslu frá nefndum Sigurði Páli fyrir vikið, og enn fremur um þetta leyti með því sjálfur að kaupa hass af

nefndum Sigurði Páli og ýmist selja þá efnisskammta ótilgreindum mönnum í Reykjavík, t. d. á Billiardstofunni, Klapparstíg 26, eða hafa þá til eigin nota.

Er játning ákærða Halldórs Snorra studd framburðum með ákærðu Runólfs Þórs og Sigurðar Páls.

Varðandi efnismagn ofangreint þá voru framburðir ákærða Halldórs Snorra breytilegir. Í lögregluyfirheyrslu 21.—22. júní 1977 kvað hann efnismagn 400—500 gr í 3 afhendingum, en hér í dómi 27. júní 1977 vildi hann ekki fullyrða um efnismagn, en kvað afhendingar 4—5. Þykir hér mega leggja til grundvallar, að efnismagn hafi ekki verið minna en 500 gr.

Þykir samkvæmt ofanrituðu sannað, að ákærði Halldór Snorri hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd.

2. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er játning hans studd framburðum þeirra Franklins K. Steiner og Kristjáns R. Walsh, nema hvað Franklín kvaðst aðeins hafa mótttekið 200 gr frá ákærða, og Kristján kvaðst aðeins hafa fengið hass fyrir sem svaraði 30.000 kr. fyrir flutning. Verður því ekki miðað við meira efnismagn til greindra manna en þeir hafa gengist við.

Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Halldór Snorri hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar fyrir utanför sína í apríl 1976 tekið við um 1.000 bandaríkjadöllum hjá Franklín Kristni Steiner til hasskaupa og um mánaðamót apríl/maí keypt um 700 gr af hassi í Rotterdam fyrir alls um 1.700 gyllini og afhent Kristjáni Róbert Walsh um 570 gr af efninu þar í borginni til flutnings til Íslands, en ákærði hélt eftir rúmum 100 gr, sem hann neytti sjálfur að hluta og seldi að hluta ótilgreindu fólki í Kaupmannahöfn. Skömmu síðar eftir komu hingað til lands tekið við efninu úr höndum nefnds Kristjáns Róberts um borð í m/s Tungufossi og í Reykjavík afhent nefndum Franklín Kristni 200 gr af efninu, greitt nefndum Kristjáni Róbert hass, sem a. m. k. svaraði 30.000 kr., fyrir flutning, en afgangi efnis haldið sjálfur til eigin nota.

3. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd

er framburðum þeirra Sigurðar Páls og Runólfs Þórs, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, nánar um miðjan ágúst 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 6 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem ákærði var þá skipverji á, og í síðari hluta ágúst afhent meðákærða Runólfi Þór Jónssyni efnið á Akranesi.

4. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd er framburðum þeirra Sigurðar Páls og Runólfs Þórs, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar um mánaðamót ágúst-september 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 7 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með m/s Skógafossi til Akraness og þaðan með m/s Akraborg til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti svo efnið meðákærða Runólfi Þór Jónssyni.

5. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd er framburðum þeirra Sigurðar Páls, Kristjáns Róberts og Eiríks Rafns Magnússonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í seinni hluta september 1976 í Rotterdam tekið við hassefni því, sem um ræðir í lið I, 8 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar og einnig um 1500 grömmum af hassi úr höndum Kristjáns Róberts Walsh. Flutt efni þessi með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem kom um 25. september til Reykjavíkur, og skömmu síðar þar í borg afhent nefndum Sigurði Páli samtals um 1300 gr af hassi. Hinn 30. september að Mávahlíð 16 afhent Eiríki Rafni Magnússyni a. m. k. 1100 gr af hassefninu frá nefndum Kristjáni Róbert, en ákærði hafði þá þegið 250 gr af því efni sem greiðslu fyrir flutning þess hingað til lands.

6. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd er framburðum þeirra Runólfs Þórs Jónssonar, Kristjáns Róberts Walsh og Eiríks Rafns Magnússonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega greinir í þessum ákærulið, nánar hinn 11. október 1976 í Rotterdam mótttekið samtals 6.250 gyllini

af Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Runólfi Þór Jónssyni til hasskaupa og sama dag keypt rúm 2 kg af hassi þar í borginni fyrir 6.000 gyllini. Flutt efnið með m/s Skógafossi til Íslands með viðkomu í Gautaborg, þar sem ákærði seldi tveimur sænskum piltum 30—40 gr af efninu 15. október fyrir 500 sænskar krónur. Um mánaðamót október/nóvember flutt hassið frá Straumsvíkurböfn heim til sín, tekið þar 300 gr í sinn hlut fyrir innflutning efnisins og afhent Eiríki Rafni Magnússyni afganginn, um 1700 gr, að Mávahlíð 16 í Reykjavík. Gefið nefndum Runólfi Þór 100 gr af sínum hluta efnisins og í byrjun nóvember á Keflavíkurflugvelli selt nafngreindum varnarliðsmanni 132 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

7. ákæruliður.

Ekki þykir nægilega upplýsti í málinu, hvaðan efni, sem um er að ræða í þessum ákærulið, er komið eða hvort er um að ræða hluta efna í 5. eða 6. ákærulið hér að ofan. Ber því að sýkna ákærða Halldór Snorra af þessum ákærulið.

III. Ákærði Runólfur Þór Jónsson.

1. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar að hafa á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Halldóri Snorra Bragasynt annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrisson, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. liði I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. margsinnis að selja slík efni nafngreindum varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli og ýmsum aðiljum í Reykjavík, einkum á Billiardstofunni, Klapparstíg 26, og taldist ákærði þá oftast nær eiga hluta söluandvirðisins eða þáði hass til eigin nota eða annan viðurgering af nefndum Sigurði Páli fyrir vikið.

Játning ákærða er studd framburðum þeirra Halldórs Snorra og Sigurðar Páls. Varðandi magn ofangreindra efna, er ákærði tók þátt í að dreifa fyrir Sigurð Pál, þá þykir með vísan til játningar hans mega ganga út frá því, að það hafi ekki verið minna en 800 gr.

2. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Runólfs Þórs, sem studd er framburðum meðákærðu, Halldórs Snorra og Sigurðar Páls, að

ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í seinni hluta ágúst 1976 tekið við því hassefni, sem um ræðir í liðum I, 6 og II, 3 hér að framan, úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar á Akranesi eða í Reykjavík og selt meginhluta þess efnis nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli, hvert gramm á jafnvirði kr. 1.000—1.200, sem að hluta var greitt í bandaríkjadöllum, og fóru kaupin fram í nokkur skipti, ýmist við Fitnanesti í Njarðvík eða Aðalstöðina í Keflavík, og hélt ákærði síðan með söluandvirðið til meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar í Kaupmannahöfn til kaupa á fíkniefnum.

3. ákæruliður.

Ákærði Runólfur Þór hefur viðurkennt háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, en kveður efnismagn 800 gr. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar framburð Runólfs Þórs, þrátt fyrir að meðákærðu, sem að öðru leyti bera á sama veg og ákærði, beri nokkuð á annan veg um efnismagn. Halldór Snorri kveður það 700 gr, en Sigurður Páll tæpt kg. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindu fráviki um efnismagn, nánar um mánaðamót ágúst/september 1976 keypt 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á um 10 krónur danskar hvert gramm og þar í borginni afhent meðákærða Sigurði Páli Sverrissyni efnið, sbr. lið I, 7 hér að framan. Í fyrri hluta september í Reykjavík tekið við ofangreindu hassi úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar, sbr. II, 4 hér að framan, og selt þremur varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli samtals um 700 gr af efninu á kr 1.000—1.200, eða 6 bandaríkjadali hvert gramm, og síðan komið meginhluta söluandvirðisins til nefnds Sigurðar Páls í Kaupmannahöfn til frekari fíkniefnakaupa.

4. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Runólfs Þórs, sem studd er framburðum annarra viðkomandi aðilja, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í október 1976 flutt um 4.000 bandaríkjadali fyrir Eirík Rafn Magnússon frá Reykjavík til Rotterdam, þar sem nota átti féð til hasskaupa, og um 10. okt. þar í borginni afhent Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Halldóri Snorra Bragasynt megnið af peningunum, en fyrir þá voru síðan keypt rúm 2 kg af hassi og flutt til Íslands, sbr. II, 6 hér að framan. Skömmu eftir mán-

aðamót október/nóvember á Skólavörðuholti í Reykjavík selt Sigurði Berndsen 500 gr af ofangreindu efni fyrir nefnda Eirík Rafn og Kristján Róbert á 5.5 bandaríkjadali hvert gramm, og skilaði ákærði söluandvirðinu til þeirra utan 350 dölum, sem ákærði hélt eftir. Þegið að gjöf allt að 100 gr af ofangreindu efni af nefndum Halldóri Snorra, sbr. II, 6 hér að framan, og keypt 150 gr af efninu af nefndum Kristjáni Róbert á kr. 900 hvert gramm.

5. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Runólfs Þórs, sem studd er framburði Snorra Guðmundssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæru greinir, nánar í nóvember eða byrjun desember 1976 keypt rúmlega 1 kg af hassi í Rotterdam fyrir Snorra Guðmundsson á rúm 2 gyllini hvert gramm og þar í borg afhent efnið nefndum Snorra, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna.

6. ákæruliður.

Með vísan til játningar ákærða Runólfs Þórs, sem studd er samhljóða framburðum þeirra Auðar Elísabetar Guðmundsdóttur og Gunnars Rafns Erlingssonar, um ráðagerðir og undirbúning hasskaupaferðar, m. a. með sérgreiningu fjár, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1977 ásamt Gunnari Rafni Erlingssyni og Auði Elísabet Guðmundsdóttur undirbúið þá fyrirhugaða utanför nefndrar Auðar Elísabetar gagngert til kaupa á hassi með því að leggja á ráðin um framkvæmd einstakra þátta innkaupafararinnar og taka við því fé, sem nota átti til kaupanna, samtals um kr. 260.000 í eigu nefnds Gunnar Rafns og Auðar Elísabetar, og ásamt Gunnari Rafni fengið því skipt í íslenska eitt hundrað krónu seðla í nokkrum bönkum í Reykjavík föstudaginn 22. apríl, en í þessa för hugðist nefnd Auður Elísabet þá halda innan fárra daga (sunnudaginn 24. apríl), kaupa 500—700 gr af hassi fyrir ofangreinda fjárhæð í Kristíaníu í Kaupmannahöfn og flytja það til Reykjavíkur, þar sem ákærði hugðist selja meginhluta efnisins með hagnaði ótilteknum mönnum, m. a. á Billiardstofunni, Klapparstíg 26, og fá hluta væntanlegs söluandvirðis í sinn hlut fyrir, en lögreglan lagði hald á ofangreinda peninga 23. apríl á heimili nefndrar Auðar Elísabetar að Drápuhlíð 28 í Reykjavík.

Framangreind brot ákærðu ber að virða sem áframhaldandi

brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 173. gr. a, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. Hrd. 1979/882, sbr. enn fremur 2. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar sölu ákærða Sigurðar Páls á fíkniefnum í Danmörku í ákæruliðum I, 6 og 7, og að því er varðar sölu Halldórs Snorra á fíkniefnum í Kaupmannahöfn og Gautaborg í ákæruliðum II, 2 og 6, sbr. og 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar brot ákærða Runólfs Þórs í lið III, 6.

Hafa ákærðu samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærðu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Sigurður Páll hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér greinir:

1978 12/6 í Reykjavík: Sátt, 330.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1978 6/7 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 78. gr. hegningarlaga.

Ber því samkvæmt ofangreindu að ákvarða refsingu ákærða Sigurðar Páls með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Við refsimat er tekið mið af því, að ákærði Sigurður Páll er aðalmaður í ofangreindum brotum, en meðákærðu yfirleitt aðstoðarmenn og ekki upphafsmenn brota.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Sigurðar Páls hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 658.000, þar sem ákærði lét aðiljum í té fíkniefni gegn fégjaldi og hafði af því nokkurn hagnað. Vegna sakaukasjónarmiða og þess, að ákærði Sigurður Páll hefur áður hlotið sektir hér fyrir dómi, þykir sekt ekki geta orðið hærri en að ofan greinir. Komi 70 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940

rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði Sigurður Páll sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar.

Loks ber með vísan til 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma upptækar til eyðingar 3 hassreykjarpípur í eigu ákærða Sigurðar Páls, sem hald var á lagt við rannsókn málsins.

Ákærði Halldór Snorri hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

1976 3/3 í Reykjavík: Ávna og fíkn: Sátt, 105.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

1977 24/10 Sátt, 230.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

Ber því samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða Halldórs Snorra með hliðsjón af 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að hluta og að hluta með hliðsjón af 78. gr. sömu laga, en eðli og umfang brota ákærða Halldórs Snorra í máli þessu þykir þó leiða til fangelsisvistar.

Hins vegar þykir bera að virða, að langt er um liðið frá hérgreindum brotum ákærða Halldórs Snorra, en hann ekki frá þeim tíma umfram áður nefnt orðið uppvis að sams konar brotum og því eðlilegt, að hluti refsivistar verði skilorðsbundinn. Með vísan hins vegar til 57. gr. a alm hegningarlaga nr. 19/1940 þykja þar settar þrengri skorður við óskilorðsbundnum hluta refsingar en hér eiga við.

Eigi að síður þykir rétt og eðlilegt að virða ákærða Halldóri Snorra ofangreint til nokkurrar refsilækkunar og refsing hans þannig hæfilega metin 9 mánaða fngelsi, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt, þar sem ákærði hafði jafnframt hagnað af ofngreindum brotum. Vegna fyrri sekta, er ákærði hefur hlotið hér fyrir dómi, og sakaukasjónamiða þykir sú sekt eigi geta orðið hærri en kr. 665.000. Þeirri sekt til vara þykir hæfilegt að ákveða 50 daga fangelsi, verði sektin eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Runólfur Þór hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

1978 25/4 í Reykjavík: Sátt, 480.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga.

Ber því samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða Runólfs Þórs að hluta með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Runólfs Þórs hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 509.000, þar sem hann lét aðiljum í té fíkniefni gegn fégjaldi og hagnaði, en sekt þykir eigi geta orðið hærri en að ofan greinir vegna eldri sektar, sem ákærði hefur áður hlotið hér í dómi, og sakaukasjónarmiða. Komi 40 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði Runólfur Þór sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, eða 14 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, er þeir ábyrgist in solidum, en þar af greiði ákærði Sigurður Páll í málsvarnarlaun kr. 150.000, en ákærðu Halldór Snorri og Runólfur Þór kr. 75.000 hvor til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðs-dómslögmanns, og sömu upphæðir í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Óæskilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa, og er það vegna mikilla anna hjá embættinu, en einkum þó vegna þess, að fulltrúi sá, er hafði mál þetta með höndum, hefur látið af störfum við embættið.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson, fæddur 22. nóvember 1952 í Reykjavík, sæti fangelsi í 18 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 658.000. Refsivist til frádráttar komi sá tími, er ákærði Sigurður Páll sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar, en í stað sektar 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptækar til eyðingar skulu 3 hassreykjarspípur.

Ákærði Halldór Snorri Bragason, fæddur 6. nóvember 1956, sæti fangelsi í 9 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 665.000. Komi 50 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956 í

Reykjavík, sæti fangelsi í 12 mánuði og greiði kr. 509.000 í fésekt til ríkissjóðs. Refsivist til frádráttar komi sá tími, er ákærði Runólfur Þór sætti gæsluvarðhaldi, eða 14 dagar, en í stað sektar 40 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar af Sigurður Páll Sverrisson kr. 150.000 og ákærðu Runólfur Þór Jónsson og Halldór Snorri Bragason kr. 75.000 hvor til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns. og sömu upphæðir í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 79/1980. **Fiskiðjan h.f.**

(Grétar Haraldsson hrl.)

gegn

Guðmundi Hanssyni Wium

og gagnsök

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Hafning gagnsakar. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Fjárnámssgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 21. s. m. Hann krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að felld verði úr gildi fjárnámssgerð fógetaréttar Keflavíkur 25. mars 1980 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.